

BORGUM V/NORDURSLÓÐ  
600 AKUREYRI  
SÍMI 460-8900  
RHA@UNAK.IS  
HTTP://WWW.RHA.IS



**SKÝRSLA UM RÁÐSTÖFUN AFLAMAGNS  
SEM DREGIÐ ER FRÁ HEILDARAFLA  
OG ÁHRIF PESS Á BYGGÐAFESTU**

*Febrúar 2017*

*Höfundar:  
Vífill Karlsson  
Hjalti Jóhannesson*

*Verknúmer: R15044FIS*

© RHA-Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2017

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-02-2017

ISSN 1670-8873 (vefútgáfa)

L-ISSN 1670-8873 (prentútgáfa)

*Skýrsla unnin fyrir*  
**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**

## EFNISYFIRLIT

|   | Bls.      |
|---|-----------|
| <b>1 ÁGRIP .....</b>  | <b>1</b>  |
| <b>2 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR .....</b>                       | <b>3</b>  |
| <b>3 INNGANGUR .....</b>                                      | <b>6</b>  |
| <b>4 FISKVEIÐISTJÓRN OG BYGGÐAÞRÓUN.....</b>                  | <b>8</b>  |
| <b>5 VIÐFANGSEFNIÐ.....</b>                                   | <b>18</b> |
| <b>6 GÖGN OG AÐFERÐIR .....</b>                               | <b>21</b> |
| 6.1. AÐFERÐIR .....   | 21        |
| 6.2. GÖGN .....   | 22        |
| 6.3. SVÆÐISSKIPTING .....                                     | 24        |
| <b>7 GREINING.....</b>  | <b>26</b> |
| 7.1. STAÐTÖLUGREINING .....                                   | 26        |
| 7.2. MEGIN NIÐURSTÖÐUR - AÐHVARFSGREINING .....               | 35        |
| 7.3. MEGIN NIÐURSTÖÐUR – FREKARI RÝNI.....                    | 40        |
| 7.4. LÝSANDI GREINING .....                                   | 41        |
| <b>8 NIÐURSTÖÐUR .....</b>                                    | <b>66</b> |
| <b>9 FRUMTILLÖGUR TIL ÚRBÓTA .....</b>                        | <b>68</b> |
| <b>HEIMILDIR .....</b>  | <b>72</b> |
| <b>VIÐAUKI 1: LANDSVÆÐI OG HAFNIR .....</b>                   | <b>74</b> |
| <b>VIÐAUKI 2: MEIRA UM NIÐURSTÖÐURNAR.....</b>                | <b>77</b> |
| <b>VIÐAUKI 3: TÆKNILEG FRAMSETNING TÖLFRÆÐILÍKANANNA.....</b> | <b>81</b> |

## TÖFLUR

|   | Bls. |
|---|------|
| Tafla 1. Áhrifaríkasti potturinn.....   | 3    |
| Tafla 2. Jaðaráhrif pottanna brotin upp eftir svæðum og framleiðslustigum .....   | 5    |
| Tafla 3. Samantekt og tölulegt yfirlit gagna .....  | 22   |
| Tafla 4: Landsvæði og fjöldi hafna eftir tegundum .....   | 25   |
| Tafla 5. Skipting aflamarks, veiða, löndunar og vinnslu eftir landsvæðum skýrslunnar .....  | 27   |
| Tafla 6. Skipting aflamarks, veiða, löndunar og vinnslu eftir landsvæðum Hagstofunnar .....   | 28   |
| Tafla 7. Veiðar og vinnsla valdra landsvæða sem hlutfall af aflaheimildum, pottum og löndunum.....  | 29   |
| Tafla 8. Breyting á vinnslu og heildaraflamarki valdra landsvæða á milli 2004-2008 og 2011-2014.....                                      | 30   |
| Tafla 9. Veiðar og vinnsla landsvæða sem hlutfall af aflaheimildum, pottum og löndunum..  | 31   |
| Tafla 10. Breyting á vinnslu og heildaraflamarki landsvæða á milli 2004-2008 og 2011-2014.  | 32   |
| Tafla 11. Jaðaráhrif pottanna brotin upp eftir svæðum og framleiðslustigum .....  | 36   |
| Tafla 12. Áhrifaríkasti potturinn.....  | 38   |
| Tafla 13. Jaðaráhrif almenns aflamarks og pottanna á vinnslu innan stórhöfuðborgarsvæðisins .....   | 40   |
| Tafla 14. Hlutdeild skelbóta í heildaraflamarki staðanna árin 2004-2014 .....   | 44   |
| Tafla 15. Uppsöfnuð úthlutun skelbóta árin 2003-2014 eftir heimahöfn skips ásamt leitni vinnslu og skelbóta.....                          | 45   |
| Tafla 16. Hlutdeild skipa, útgerða og staða í hörpuskeljaveiðum í Breiðafirði árið 2001/2002 .....  | 49   |
| Tafla 17. Veiði- og vinnsluhlutföll í Stykkishólmi.....   | 52   |
| Tafla 18. Veiði-, löndun, vinnsla og almennar aflaheimildir á stöðum sem fengu SB samning .....   | 56   |
| Tafla 19. Heimildir úr pottum fiskveiðistjórnunarkerfisins á stöðum með sértækan byggðakvóta .....  | 57   |
| Tafla 20. Uppsöfnuð úthlutun almenns byggðakvóta árin 2003-2014 eftir heimahöfn skips ásamt leitni vinnslu og almenna byggðakvótans ..... | 59   |
| Tafla 21. Uppsöfnuð löndun afla vegna strandveiða árin 2003-2014 ásamt leitni vinnslu og strandveiða.....                                 | 62   |

---

|  |    |
|--|----|
| Tafla 22. Uppsöfnuð nýting línuívilnunar árin 2003-2014 eftir heimahöfn skips ásamt leitni hennar gagnvart vinnslu ..... | 63 |
| Tafla 23: Landsvæði og hafnir .....  | 74 |
| Tafla 24. Jaðaráhrif pottanna brotin upp eftir svæðum og framleiðslustigum (ekki ihs líkan) .....                        | 77 |
| Tafla 25. Áhrifaríkasti potturinn (ekki ihs líkan) .....   | 78 |
| Tafla 26. Jaðaráhrif pottanna brotin upp eftir svæðum og framleiðslustigu FE ihs líkan .....                             | 79 |
| Tafla 27. Jaðaráhrif pottanna brotin upp eftir svæðum og framleiðslustigu Tobit ihs líkan ...                            | 80 |

## MYNDIR

Bls.

|  |    |
|--|----|
| Mynd 1. Heildarkvóti í botn- og flatfiski árið 2014 eftir höfnum (grunnkort Landmælingar Íslands, gögn frá Fiskistofu) .....   | 8  |
| Mynd 2. Vinnsla botnfisks og flatfisks eftir höfnum 2014 (grunnkort Landmælingar Íslands, gögn frá Hagstofu Íslands) .....   | 10 |
| Mynd 3. Útflutningur ferskra þorskafurða (tonn) og sem hlutfall af öllum afurðaflokkum þorsks skv. gögnum frá Hagstofu Íslands.....  | 11 |
| Mynd 4. Breyting á þyngdarmiðju aflamarks, veiða og vinnslu botn- og flatfisks á tímabilinu 2004-2014, heimild gagnasafn höfunda og grunnkort Landmælinga Íslands. ....                                  | 12 |
| Mynd 5. Pottar kvótakerfisins og hlutfallsleg skipting þeirra skv. þingsályktun nr. 15/144 á löggjafarþinginu 2014-15 .....  | 18 |
| Mynd 6. Úthlutun veiðiheimilda úr pottum fiskveiðistjórnunarkerfisins 2003-2014.....   | 19 |
| Mynd 7. Flokkun hafna eða staða eftir tegundum .....   | 24 |
| Mynd 8. Almennar aflaheimildir í botnfisk- og flatfisktegundum á miðum við Ísland 2004-2014 .....  | 26 |
| Mynd 9. Vinnsluhlutfall aflaheimilda eftir höfnum árin 2004-2008.....  | 32 |
| Mynd 10. Vinnsluhlutfall aflaheimilda eftir höfnum árin 2011-2014.....   | 33 |
| Mynd 11. Vinnsluhlutfall landana eftir höfnum árin 2004-2008 .....   | 33 |
| Mynd 12. Vinnsluhlutfall landana eftir höfnum árin 2011-2014 .....   | 34 |
| Mynd 13. Veiðihlutfall aflaheimilda eftir höfnum árin 2004-2008.....   | 34 |
| Mynd 14. Veiðihlutfall aflaheimilda eftir höfnum árin 2011-2014.....   | 35 |
| Mynd 15. Próun veiða á stöðum sem hafa fengið skelbætur borið saman við aðra staði.....  | 42 |
| Mynd 16. Próun vinnslu á stöðum sem hafa fengið skelbætur borið saman við aðra staði....   | 43 |
| Mynd 17. Skelbætur og vinnsla botn- og flatfisktegunda á skelbótastöðunum níu.....   | 47 |
| Mynd 18. Sérstök úthlutun í þorskígildistonnum eftir svæðum til báta sem hafa aflahlutdeild í innfjarðarækju fiskveiðiárin 2003/2004-2013/2014 samkvæmt reglugerðum þar um sem gefnar eru út árlega..... | 47 |
| Mynd 19. Sérstök úthlutun í þorskígildistonnum eftir svæðum til báta sem hafa aflahlutdeild í hörpudiski fiskveiðiárin 2003/2004-2013/2014 samkvæmt reglugerðum þar um sem gefnar eru út árlega.....     | 48 |
| Mynd 20: Aflaverðmæti í Stykkishólmi 1992-2014, þús. kr. Tölur Hagstofu Íslands.....   | 49 |
| Mynd 21: Framleiðsla í Stykkishólmi sem rakin er til skelbóta árin 2003-2014 .....   | 50 |

|   |    |
|---|----|
| Mynd 22: Skelbætur og vinnsla botn- og flatfisktegunda í Stykkishólmi .....   | 51 |
| Mynd 23. Þróun veiða og skelbóta í Stykkishólmi.....  | 52 |
| Mynd 24. Þróun almennra veiðiheimilda í Stykkishólmi, skelbótastöðum og annars staðar..   | 53 |
| Mynd 25. Þróun veiða á stöðum sem hafa fengið sértækan byggðakvóta borið saman við aðra staði .....                             | 55 |
| Mynd 26. Þróun vinnslu á stöðum sem hafa fengið sértækan byggðakvóta borið saman við aðra .....                                 | 55 |
| Mynd 27. Þróun veiða á stöðum sem hafa fengið almennan byggðakvóta borið saman við aðra .....                                   | 58 |
| Mynd 28. Þróun vinnslu á stöðum sem hafa fengið almennan byggðakvóta borið saman við aðra .....                                 | 58 |
| Mynd 29. Þróun veiða á stöðum sem hafa nýtt sér strandveiðarnar borið saman við aðra .....                                      | 60 |
| Mynd 30. Þróun vinnslu á stöðum sem hafa nýtt sér strandveiðarnar borið saman við aðra ..                                       | 61 |
| Mynd 31. Þróun veiða á stöðum sem hafa nýtt sér línuúvilnun borið saman við aðra.....   | 64 |
| Mynd 32. Þróun vinnslu á stöðum sem hafa nýtt sér línuúvilnun borið saman við aðra .....  | 64 |
| Mynd 33. Þorskveiðar í almenna kerfinu, krókaflamarkskerfisins og pottanna frá 1984 til 2014/2015. Tölur Hagstofu Íslands. .... | 68 |

## 1 ÁGRIP

Skýrslan leggur mat á byggðafestuáhrif potta<sup>1</sup> fiskveiðistjórnunarkerfisins sem hafa verið einna lengst í gangi: Línuívilnun, almenni byggðakvótinn<sup>2</sup>, skelbætur og strandveiðar. Í þessari skýrslu var valið að meta byggðafestuáhrif með því að mæla áhrif potta fiskveiðistjórnunarkerfisins á staðbundna veiði, löndun og vinnslu sjávarafla (en þó eingöngu botnfisks- og flatfisktegunda, enda gilda pottarnir um þá). Gagnasafn yfir allar hafnir á landinu á tímabilinu 2004-2014 lá til grundvallar niðurstöðunum.

Megin niðurstöður voru:

- Línuívilnun hefur skilað mestum byggðafestuáhrifum af þeim pottum sjávarútvegsins sem lengst hafa verið í gangi en strandveiðar og almenni byggðkvótinn komu þar á eftir, nokkuð jöfn, í öðru og þriðja sæti en skelbætur voru sístar.

Byggðafestuáhrif pottanna reyndust ólík eftir landsvæðum:

- Í einangruðustu og viðkvæmustu sjávarbyggðunum, Norðurlandi og Austurlandi og stór-höfuðborgarsvæðinu<sup>3</sup> hafði línuívilnun mestu byggðafestuáhrifin.
- Á Snæfellsnesi og Vestfjörðum að hluta hafði almenni byggðakvótinn mestu byggðafestuáhrifin.

Byggðafestuáhrif séð út frá kerfunum (pottunum):

- Strandveiðarnar og almenni byggðakvótinn höfðu mestu byggðafestuáhrif á Vestfjörðum.
- Skelbæturnar höfðu mestu byggðafestuáhrifin á í öðrum höfnum (Norðurland og Austurland).
- Línuívilnun hefur haft mestu byggðafestuáhrifin á stór-höfuðborgarsvæðinu en nærrí jafn mikil áhrif á aðrar hafnir.

---

<sup>1</sup> Í þessari skýrslu eru pottar samheiti yfir frávik í úthlutun aflaheimilda frá almenna aflamarkskefinu og smábáta-kerfinu eins og línuívilnun, byggðakvóti, skelbætur og strandveiði. Heildar aflamark er samtala almenns aflamarks og potta.

<sup>2</sup> Tveir byggðakvótar er í gangi. Almenni byggðakvótinn í umsjá Fiskistofu og aflamark Byggðastofnunar sem kallað er sértæki byggðakvótinn í skýrslunni.

<sup>3</sup> Stór-höfuðborgarsvæðið er hér skilgreint sem höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Akranes og Þorlákshöfn.

Þannig má sjá að pottarnir virðast virka vel á sumum svæðum en ekki öðrum en sjaldnast virkar hver um sig best á sama svæði og annar pottur.

Aðrar niðurstöður:

- Höfuðborgarsvæðið er langstærsta verstuð landsins þegar horft er til hefðbundinnar svæðisskiptingar Hagstofu Íslands. Um helmingur allrar vinnslu og veiða fara fram á stór-höfuðborgarsvæðinu og sú hlutdeild fer stækandi.
- Sjávarbyggðir eru hlutfallslega sterkari í veiðum utan stór-höfuðborgarsvæðisins. Þetta á sérstaklega við um Vesturland og Austurland.
- Höfuðborgarsvæðið er hlutfallslega sterkast í vinnslu, en þar er verkað tvöfalt meira en svarar til aflaheimilda þess. Stór-höfuðborgarsvæðið kemur fast á hæla þess og Akureyri í kjölfarið. Eyjafjörður er sterkur í vinnslu, Vestfirðir virðast í góðri stöðu hvað hana varðar en síst er hún á Austurlandi.
- 97% skelbótanna hafa farið til 27 úthlutunarhæstu hafna landsins á árunum 2003-2014, 78% almenna byggðakvótans, 84% strandveiðanna og 91% línuvílnunar. Þéttbýli á Íslandi eru um 105 á Íslandi en 68 þeirra eru talin til sjávarbyggða í þessari skýrslu.
- Af 68 útgerðarstuðum fóru skelbætur á 45 staði á tímabilinu, mest 12.886 tonn til Stykkishólms en næstmest 3.426 tonn til Grundarfjarðar - eða um helmingur bótanna á þessa tvo staði. Í Stykkishólmi virðast skelbætur hafa skipt sköpum um byggðafestu þó greiningarlíkanið nái ekki utan um það (sjá lýsandi greiningu).
- Bolungarvík bar höfuð og herðar yfir þá staði sem nýttu sér línuvílnun með 9.997 tonn á tímabilinu 2003-2014 en Ólafsvík kom þar á eftir með 4.358 tonn. Rif, Grindavík og Suðureyri fylgdu svo í kjölfarið með um 3.500 til 3.800 tonn.
- Skipting og dreifing í strandveiðum og almenna byggðakvótanum var mun jafnari á milli staða en í línuvílnun og skelbótum.

## 2 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR

Samkvæmt aðhvarfsgreiningu skilaði línuvílnunin mestum byggðafestuáhrifum af þeim pottum sjávarútvegsins sem lengst hafa verið í gangi en almenni byggðakvótinn (sem er í umsjá Fiskistofu) og strandveiðar voru nánast hnífjöfn í öðru og þriðja sæti en skelbætur voru sístar. Þó hafa strandveiðarnar og almenni byggðkvótinn mest áhrif á Vestfjörðum og línuvílnun á stór-höfuðborgarsvæðinu og nærri jafn mikil í öðrum höfnum en skelbætur í öðrum höfnum. Þannig má sjá að pottarnir<sup>4</sup> virðast virka vel á sumum svæðum en ekki öðrum en sjaldnast virkar hver um sig best á sama svæði og annar pottur (Tafla 2). Þess vegna gæti áhersla stjórnvalda á tiltekið landsvæði kallað á að leggja áherslu annan pott en þann sem fær hæstu heildarstig (Tafla 1). Almennt séð virtust pottar fiskveiði-stjórnunarkerfisins hafa minni marktæk byggðafestuáhrif en búist var við.

**Tafla 1. Áhrifaríkasti potturinn**

| Framleiðslustig / pottar     | A<br>Meðal<br>jaðaráhrif | B<br>Fjöldi jákvæðra<br>niðurstaðna<br>vegið % | C<br>Fjöldi neikvæðra<br>niðurstaðna<br>vegið % | D<br>Heildarstig<br>$D = A \times B - A \times C$ |
|------------------------------|--------------------------|--|---|---|
| <b>Sértækur byggðarkvóti</b> |                          |  |   | <b>0,07</b>                                       |
| Veiðar                       |                          |  |   |   |
| Löndun                       |                          |  |   |   |
| Vinnsla                      | 0,07                     | 1  |   | 0,07  |
| <b>Línuvílnun</b>            |                          |  |   | <b>0,26</b>                                       |
| Veiðar                       | 0,04                     | 3  |   | 0,12  |
| Löndun                       | 0,05                     | 2  | 1   | 0,05  |
| Vinnsla                      | 0,06                     | 3  | 1   | 0,12  |
| <b>Almennur byggðakvóti</b>  |                          |  |   | <b>0,22</b>                                       |
| Veiðar                       | 0,11                     | 1  |   | 0,11  |
| Löndun                       | 0,19                     | 1  |   | 0,19  |
| Vinnsla                      | 0,05                     | 1  |   | 0,05  |
| <b>Skelbætur</b>             |                          |  |   | <b>0,02</b>                                       |
| Veiðar                       | 0,02                     | 2  | 1   | 0,02  |
| Löndun                       | 0,02                     | 2  | 1   | 0,02  |
| Vinnsla                      | -0,38                    | 1  | 1   |   |
| <b>Strandveiði</b>           |                          |  |   | <b>0,23</b>                                       |
| Veiðar                       | 0,05                     | 3  |   | 0,16  |
| Löndun                       | 0,10                     | 2  |   | 0,19  |
| Vinnsla                      |                          |  |   |   |

*Heimild: Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar*

<sup>4</sup> Í þessari skýrslu eru pottar samheiti yfir frávik í úthlutun aflaheimilda frá almenna aflamarkskefinu og smábáta-kerfinu eins og línuvílnun, byggðakvóti, skelbætur og strandveiði. Heildar aflamark er samtala almenns aflamarks og potta.

Í þessari skýrslu var valið að meta byggðafestuáhrif með því að mæla áhrif potta fiskveiði-stjórnunarkerfisins á staðbundna veiði, löndun og vinnslu sjávarafla (en þó eingöngu botnfishs- og flatfisktegunda enda gilda pottarnir um þá). Þetta hefði líka mátt gera með því að horfa á tekjur og hagnað í greininni á hverjum stað, ársverk, fjölda fyrirtækja í greininni o.þ.h. en gagna- og tímaskortur kom í veg fyrir að hægt væri að gera það í þessari atrennu.

Höfuðborgarsvæðið er langstærsta verstöð landsins þegar horft er til hefðbundinnar svæðis-skiptingar Hagstofu Íslands. Um helmingur allrar vinnslu og veiða fara fram á stór-höfuðborgarsvæðinu<sup>5</sup> og sú hlutdeild fer stækkandi.

Ákveðið var að skoða veiði- og vinnsluhlutfall aflaheimilda sem endurspeglar hversu stór hluti staðbundinna aflaheimilda er veiddur af heimabátum og unninn á staðnum. Til hliðsjónar var skoðað vinnsluhlutfall landana sem gefur til kynna hversu mikill hluti af öllum afla sem kemur á bryggju tiltekins staðar, óháð uppruna skips, ratar inn í vinnslu þar. Þessar tölur gáfu til kynna að sjávarbyggðir væru hlutfallslega sterkari í veiðum utan stór-höfuðborgarsvæðisins. Þetta á sérstaklega við um Vesturland og Austurland. Höfuðborgarsvæðið er hlutfallslega sterkast í vinnslu, en þar er verkað tvöfalt meira en svarar til aflaheimilda þess. Stór-höfuðborgarsvæðið kemur fast á hæla þess og Akureyri í kjölfarið. Þá kom einnig fram að Eyjafjörður er sterkur í vinnslu, Vestfirðir virðast í betri stöðu hvað vinnslu varðar en höfundar bjuggust við en Austfirðir koma síst út hvað þetta varðar.

Gagnasafn yfir allar hafnir á landinu á tímabilinu 2004-2014 lá til grundvallar niðurstöðunum. Um er að ræða upplýsingar yfir veiðar, vinnslu, landanir í hverri höfn ásamt upplýsingum yfir almennt aflamark<sup>6</sup>, línuvílnun, krókaflamarksbætur, byggðakvóta Byggðastofnunar (fyrri), strandveiðar, skelbætur, almenna byggðakvóta (byggðakvóta), sértækan byggðakvóta<sup>7</sup> og veiðar íslenskra skipa í lögsögum annarra ríkja. Stuðst var við tölfraðilíkan fyrir panel gögn og tölfraðileg marktækni var krafa um að fjallað væri um jaðaráhrif pottanna á veiðar, vinnslu og landanir í hverri höfn.

<sup>5</sup> Stór-höfuðborgarsvæðið er hér skilgreint sem höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Akranes og Þorlákshöfn.

<sup>6</sup> Í þessari skýrslu er almennt aflamark úthlutaður kvóti bæði almenna aflamarkskerfisins og krókaflamarkskerfisins (smábátakerfisins). Heildaraflamark er samtala almenns aflamarks og potta.

<sup>7</sup> Byggðakvóti sem Byggðastofnun hefur umsýslu með, hefur einnig verið kallað aflamark Byggðastofnunar.

Tafla 2. Jaðaráhrif pottanna brotin upp eftir svæðum og framleiðslustigum

| Pottar / framleiðslustig    | Allar hafnir | Markhópur SB | Snæfellsnes | Vestfirðir | Stórhöfuðborgarsvæðið | Aðrar hafnir |
|-----------------------------|--------------|--------------|-------------|------------|-----------------------|--------------|
| <b>Sértækur byggðakvótí</b> |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      |              |              |             |            |                       |              |
| Löndun                      | 0,02         |              |             |            |                       |              |
| Vinnsla                     | 0,05         | 0,07         |             |            |                       |              |
| <b>Almennt aflamark</b>     |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 0,76         | 0,68         | 1,00        | 0,88       | 0,94                  | 0,64         |
| Löndun                      | 0,61         | 0,57         | 0,91        | 1,07       | 0,78                  | 0,72         |
| Vinnsla                     | 0,66         | 0,51         | 0,41        | 1,60       | 0,23                  | 0,75         |
| <b>Línuívilnun</b>          |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 0,04         |              | 0,02        |            | 0,05                  | 0,05         |
| Löndun                      | 0,08         | 0,07         |             | -0,18      | 0,25                  |              |
| Vinnsla                     | 0,08         |              | -0,14       | 0,17       | 0,06                  | 0,14         |
| <b>Almennur byggðakvótí</b> |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      |              |              |             | 0,11       |                       |              |
| Löndun                      |              |              |             | 0,19       |                       |              |
| Vinnsla                     |              |              | 0,05        |            |                       |              |
| <b>Skelbætur</b>            |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 0,03         |              | -0,02       | 0,03       |                       | 0,05         |
| Löndun                      | 0,03         |              | -0,15       | 0,12       |                       | 0,08         |
| Vinnsla                     |              |              | 0,03        | -0,79      |                       |              |
| <b>Strandveiði</b>          |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 0,04         | 0,05         |             | 0,07       |                       | 0,04         |
| Löndun                      | 0,02         | 0,05         |             | 0,14       |                       |              |
| Vinnsla                     |              |              |             |            |                       |              |

Heimild: Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar

### 3 INNGANGUR

Verkefni þetta felst í að varpa ljósi á byggðafestuáhrif svokallaðra potta kvótakerfisins en í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 kemur fram að 5,3% af heildarmagni hverrar fisktegundar sé dregið frá við úthlutun aflamarks skipa á fiskveiðíarinu. Pottarnir eru eftirfarandi:

1. Strandveiðar
2. Rækju- og skelbætur
3. Almennur byggðakvóti (Byggðakvóti til stuðnings byggðarlögum)
4. Sértaekur byggðakvóti (Aflamark Byggðastofnunar)
5. Línuvílnun
6. Frístundaveiðar

Byggðastofnun fékk 500 lestir til úthlutunar á fiskveiðíarinu 1995/1996 og síðan hafa stjórnvöld úthlutað byggðakvóta í einhverri mynd, fyrst í gegnum Byggðastofnun en síðar hóf Fiskistofa að úthluta byggðakvótanum samkvæmt ákvörðun ráðherra. Þeim byggðakvóta sem kallaður er sértaekur byggðakvóti (SB)<sup>8</sup> í þessari skýrslu, hefur verið úthlutað síðan 2013. Tvö kerfi byggðakvóta eru því fyrir hendi í dag. Í öðru þeirra var u.p.b. 7.000 tonnum úthlutað árið 2015 af Fiskistofu og kallað almennur byggðakvóti (AB) í skýrslunni. Í hinum pottinum, þ.e. sértaekum byggðakvóta (SB) úthlutaði Byggðastofnun upphaflega 1.800 tonnum á hverju ári.

Að verkefninu unnu Vífill Karlsson, hagfræðingur og dósent við viðskiptadeild Háskólags á Akureyri og sérfræðingur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og Hjalti Jóhannesson, landfræðingur og sérfræðingur við Rannsóknamiðstöð Háskólags á Akureyri (RHA).

Þær aðferðir sem byggt var á er lýsandi greining á tölfraðilegum gögnum (myndræn framsetning) og aðhvarfsgreining (panel) á fyrilliggjandi gögnum Fiskistofu, Hagstofu Íslands og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Einnig var aflað gagna með viðtölum til að leita svara við ákveðnum spurningum sem vöknudu í kjölfarið á greiningu þeirra gagna sem að ofan er getið.

<sup>8</sup> Hefur einnig verið kallað aflamark Byggðastofnunar, sjá t.d. Vífill Karlsson (2015a).

Rannsóknarspurningar í þessu verkefni eru eftirfarandi:


- A. Hvaða áhrif hafa pottar kvótakerfisins haft á byggðarfestuna?
- B. Eru einhverjar aðrar leiðir hentugri eða betri til að tryggja byggðafestuna?

Rannsóknarspurningarnar voru lagðar fram af verkkaupa og ekki kom þar sérstaklega fram hvernig hugtakið byggðafesta er skilgreint í þessu sambandi. Ákveðið var að svara spurningum með því að meta hvaða áhrif pottarnir hafa haft á veiðar, vinnslu og löndun sjávarafurða á viðkomandi stöðum og þá gert ráð fyrir að slíkt sé lýsandi fyrir atvinnusköpun og ýmis efnahags- og samfélagsleg áhrif sem sjávarútvegurinn hefur á viðkomandi stöðum. Verkefnið felur í sér að greina áhrif úthlutana í viðkomandi potta og hvort það hafi haft marktæk áhrif á veiðar, löndun og vinnslu viðkomandi byggðarlaga og er í því sambandi miðað við að horfa til tímabilsins 2004-2014.

Í verkefninu var gögnum safnað í viðbót við þau gögn sem safnað var í tengslum við mat á áhrifum aflamarks Byggðastofnunar sem Vífill Karlsson gerði árið 2015 (Vífill Karlsson, 2015a). Greining var gerð fyrir Ísland í heild og síðan deilt upp á milli landshluta í þeim tilgangi að draga fram landfræðileg einkenni og frávik ef einhver eru. Sérstök greining og túlkun var gerð til að bera saman viðkvæmustu sjávarbyggðir landsins og þær sem standa styrkari fótum. Landinu var skipt upp í fjögur svæði. 1) Staði sem falla undir skilgreiningar aflamarks byggðastofnunar; 2) stór-höfuðborgarsvæðið (0-50 km. radíus frá Reykjavík); 3) svæði í (51-200 km. radíus frá Reykjavík); og 4) önnur landsvæði. Ástæður fyrir þessari skiptingu varða annars vegar almenn áhrif þéttbýlisins á atvinnu, þjónustu, húsnæðismarkað og fleira og hins vegar sértækari áhrif Keflavíkurflugvallar og ef til vill höfuðborgarsvæðisins á útflutning og þar af leiðandi á vinnslu afla.

## 4 FISKVEIÐISTJÓRN OG BYGGÐAÞRÓUN

Fiskveiðar í heiminum eru almennt undir veiðistjórnun af einu eða öðru tagi og til að sækja fiskinn þarf einhverskonar leyfi (McCay, 2008). Í sumum tilvikum er þetta leyfi orðið að sjálftæðri markaðsvöru með framseljanlegum veiðiheimildum eins og reyndin er hér lendis, en íslenska fiskveiðikerfið var eitt hið fyrsta af þessu tagi í heiminum (Hreiðar Þór Valtysson o.fl., 2014). Samþjöppun veiðiheimilda á nokkra staði á landinu og til stærri fyrirtækja, aðallega frá minni þéttbýlisstöðum, smábátum (sem eru innan almennna aflamarkskerfisins) og smærri útgerðum, er ein helsta breytingin í byggðarlegu tilliti sem hefur leitt af þessu fyrirkomulagi hér lendis (Vífill Karlsson, 2015a). Þá hefur fækkað störfum við vinnslu sjávarafurða í mörgum byggðarlögum sem tengist þessari þróun (Byggðastofnun, 2013). Ekki er auðvelt að einangra þessa þróun frá ýmsum almennum breytingum í samfélagitum sem eiga sér stað samhliða s.s. aukinni hagræðingu sem tengist tækniþróun, hærra menntunarstigi þjóðarinnar, aukinni sérhæfingu á ýmsum sviðum, stærri rekstrareiningum almennt, breytingum á samgöngum og fleiru sem nánar verður fjallað um hér á eftir.



**Mynd 1. Heildarkvóti í botn- og flatfiski árið 2014 eftir höfnum (grunnkort Landmælingar Íslands, gögn frá Fiskistofu)**


Í grein Önnu Karlsdóttur (2008) er líst þeim miklu samfélagsbreytingum sem hafa átt sér stað í sjávarbyggðum frá því að kvótakerfið var tekið upp. Þar eru tilgreindar ýmsar óæskilegar

hliðarverkanir af kerfinu ef horft er til þróunar byggðar á sumum svæðum. Þá kemur fram að viðhorf kynjanna til starfa við fiskvinnslu hafa breyst og að konur sjáí síður framtíð fyrir sig í atvinnugreininni, hafi þannig minni áhuga á henni þrátt fyrir að hafa ekki neikvæð viðhorf til hennar (Anna Karlsdóttir, 2008). Þessu tengt er að búferlaflutningar frá jaðarbyggðum, m.a. sjávarbyggðum, einkennast oft af brottflutningi kvenna og ungs fólks sem raskar lýðfræðilegri samsetningu þessara staða og grefur þannig frekar undan framtíðarþróun þeirra (sjá t.d. Berglund et al. 2005). Þá er einnig athyglisvert að sjá að skerðing aflaheimilda hefur marktæk áhrif á búferlaflutninga kvenna á Íslandi en ekki karla í nýlegri ýtarlegri greiningu (Vífill Karlsson, 2015b). Meðal annarra breytinga er að innflytjendur eru orðnir stór hluti vinnuafls í fiskvinnslu víða, eða um 50% í sumum tilvikum. Hafa ber í huga að það er flókið sampil fjölmargra þátta sem hefur áhrif á þróun byggðarlöganna og til viðbótar við það sem þegar hefur komið fram má nefna stöðu innviða og aðgengi að þeim, s.s. vegakerfi, innanlands- og millilandaflug, nettengingar, sjóflutningar og aðgengi að ýmissi opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Samhliða hækkar menntunarstig þjóðarinnar og störf verða almennt sérhæfðari.

Sumar tegundir starfa eru aðeins í boði í fjölmennara þéttbýli sem hefur mikil áhrif á valkostí fyrir búsetu, einkum meðal ungs fólks. Eins og mál hafa þróast á Íslandi þá hefur bilið breikk-að annars vegar á milli þeirra svæða sem búa við lakari kost hvað varðar stöðu innviða, þjónustu og fjölbreytni starfa og hins vegar suðvesturhornsins sem nýtur hlutfallslegrar stærðar sinnar og þess að vera oftast miðpunkturinn í innviðum, þjónustustarfsemi og öðru atvinnulífi (sjá t.d. Árni Ragnarsson o.fl., 2015). Áhrif þessarar þróunar sjást á flestum sviðum samfélagsins og atvinnugreinum. Augljós eru þannig áhrif þéttbýlisins á sampjöppun sérhæfðari þjónustu s.s. heilbrigðisþjónustu, æðri menntunar og rannsókna. Þetta finnst einnig í frumvinnslu- og úrvinnslugreinum þar sem búast hefði mátt við að staða ýmissa landsbyggðarsvæða væri sterkt en raun ber vitni. Sem dæmi má nefna að um 50% alls botnfisks sem landað er fer nú til vinnslu á svæði sem er í innan við klukkustundar fjarlægð frá Keflavíkurflugvelli og Sundahöfn, þ.e. aðallega við sunnanverðan Faxaflóa og á Reykjanesi<sup>9</sup>.

Fyrir um 20 árum var þetta hlutfall mun lægra eða um þriðjungur alls landaðs botnfisks (Bjarki Vigfússon o.fl., 2015).


<sup>9</sup> Í þessari rannsókn kallað stór-höfuðborgarsvæðið.



**Mynd 2. Vinnsla botnfisks og flatfisks eftir höfnum 2014 (grunnkort Landmælingar Íslands, gögn frá Hagstofu Íslands)**

Ástæðan fyrir þessari landfræðilegu samþjöppun fiskvinnslunnar er einkum nálægðin við Keflavíkurflugvöll og Sundahöfn ásamt því að á höfuðborgarsvæðinu er öflugasta flutningamiðstöð innanlandsflutninga og allt að því sú eina sem umskipun er framkvæmd á vegna þeirra<sup>10</sup>. Keflavíkurflugvöllur og Sundahöfn eru langmikilvægustu hnútpunktarnir í millilandaflutningum og áhersla á að flytja fiskinn ferskan út hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum árum (Mynd 3) enda er verðmæti ferskra afurða í flestum tilvikum mun meira en frosinna, saltaðra, þurrkaðra eða hertra. Á sama tíma hefur hlutfallslegt vægi þessara samgöngumann-virkja á suðvesturhorninu aukist, einkum Keflavíkurflugvallar, s.s. samhlíða auknum ferðamannastraumi til landsins með aukinni tíðni ferða og fjölda áfangastaða. Þá hafa flutningaflugfélög einnig efst á síðustu árum. Einnig spilar aukin sérhæfing í vinnslu líka inn í þetta og það hvað afurðamarkaðurinn er orðinn markaðsdrifinn sem gerir það að verkum að kaupendur hafa mikil áhrif á það hvað er unnið hverju sinni, krafa um ferskleika hefur aukist mikið sem og hvað hraði, nákvæmni og áreiðanleiki skiptir miklu máli.

<sup>10</sup> Það veldur því oft að sendingar landleiðina á milli hafna innanlands, með hráefni til vinnslu, hafa viðkomu á höfuðborgarsvæðinu jafnvel þó það sé krókaleið landfræðilega séð.




**Mynd 3. Útflutningur ferskra þorskafurða (tonn) og sem hlutfall af öllum afurðaflokkum þorsks skv. gögnum frá Hagstofu Íslands**

Aðrir hlutar landsins, m.a. þar sem útgerð stendur styrkum fótum, búa ekki við sömu aðstæður og suðvesturhornið hvað varðar flutninga fersks fisks til og frá landinu. Öflugar botnfiskvinnslur finnast þó víða s.s. hjá Samherja á Dalvík, Útgerðarfélagi Akureyringa og FISK Seafood auk vinnslustöðva uppsjávarfisks sem eru afar mikilvægir vinnustaðir á nokkrum (en sífellt færri) stöðum á landinu. Sem dæmi um þróunina má nefna að Vísir lagði á árinu 2014 niður vinnslustöðvar sínar á Húsavík, Djúpavogi og Þingeyri og bætti við starfsemi sína í Grindavík sem er einmitt á því svæði þar sem vinnsla sjávarafurða hefur þjappast mest saman.

Mynd 4 sýnir tilfærslu á þyngdarmiðju aflamarks, veiða og vinnslu í botn- og flatfiski á tíma-bilinu 2004 til 2014. Myndin byggir á þeim gögnum sem aflað hefur verið fyrir þessa rannsókn hjá Hagstofu, Fiskistofu og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Um er að ræða 82 hafnir á landinu sem hver hafa sína staðsetningu eða staðsetningarhnit. Á hverja þessa höfn er skráð ákveðið magn aflamarks, veiða og vinnslu á hverju ári. Þyngdarmiðja fyrir hvert ár er í raun vegið meðaltal staðsetningar þessara hafna, bæði vegið X- og Y-hnit. Þannig hefur staðsetning byggðarlags sem býr yfir miklu aflamarki hærra vægi en staðsetning þar sem lítið aflamark er skráð og „togað“ þyngdarmiðjuna til sín. Þannig má sjá að suðvesturhorn landsins „togað“ almennt til sín þyngdarmiðjuna í aflamarki, veiðum og vinnslu og er þessi þyngdarmiðja staðsett í Borgarbyggð. Þetta er ekki ýkja langt frá þyngdarmiðju mannfjöldans á

landinu, sem er þó líklega heldur vestar og sunnar eða efst í Hvalfirði. Það sem er athyglisvert er hve stór-höfuðborgarsvæðið togar mis mikið eftir því hvort um er að ræða aflamark, veiðar eða vinnslu. Í tilviki vinnslunnar (græn ártöl og punktar) togar höfuðborgarsvæðið mest og færst þyngdarmiðjan almennt nær því eftir því sem líður á tímabilið. Í tilviki aflamarksins (rauð ártöl og punktar) hefur átt sér stað svipuð þróun sem gekk lengst árið 2008 en hefur gengið til baka síðan. Svo virðist sem staðsetning aflamarks sem skráð er á hafnir á norðan- og austanverðu landinu hafi „togað“ þyngdarmiðjuna nokkuð til baka í lok tímabilins. Í tilviki veiðanna (blá ártöl og punktar) hefur orðið minni tilfærsla innan tímabilins en þar má sjá að vægi vestanverðs landsins er meira en bæði í tilviki aflamarks og vinnslu enda er útgerð frá Snæfellsnesi t.d. mikil og talsverður afli sendur óunninn burt, einkum til vinnslu á svæðið í kringum aðal útflutningshöfn landsins og millilandaflugvöllinn í Keflavík.



**Mynd 4. Breyting á þyngdarmiðju aflamarks, veiða og vinnslu botn- og flatfisks á tímabilinu 2004-2014, heimild gagnasafn höfunda og grunnkort Landmælinga Íslands.**

Pottum kvótakerfisins, einkum almenna byggðakvótanum<sup>11</sup> og sértæka byggðakvótanum<sup>12</sup>, er ætlað að koma til móts við þann vanda sem fámennari og afskekktari byggðarlög standa frammi fyrir og eru stuttlega reifuð hér að framan. Þrátt fyrir að tilfærsla veiðiheimilda frá

<sup>11</sup> Einnig nefnt AB í þessari skýrslu.

<sup>12</sup> Einnig nefnt SB í þessari skýrslu.

þessum stöðum sé stór þáttur þess vanda sem samfélögin standa frammi fyrir er ýmislegt fleira sem hefur áhrif, eins og fram hefur komið.

Kerfi til úthlutunar veiðiheimilda sem hafa svipuð hlutverk og íslenski byggðakvótinn (báðar tegundir), þ.e. til þess að koma til móts við neikvæð staðbundin samfélagsleg áhrif, eru til í einni eða annari mynd erlendis. Í skýrslu um fiskveiðistjórnunarkerfi á norðurslóðum benda Hreiðar Þór Valtýsson og félagar (2014) á að litlar haldbærar upplýsingar séu til um samfélagsleg áhrif fiskveiðistjórnunarkerfa. Meðal niðurstaðna þeirra á greiningu fiskveiðistjórnunarkerfanna er að íslenska kerfið hafi nokkra sérstöðu, líklega vegna þess hve sjávarútvegurinn er mikilvægur afkomu þjóðarbúsins. Minna sé um að íslenska kerfið hafi það að markmiði að viðhalda byggð eða hefðbundnu útgerðarmynstri en víða annars staðar þar sem sjávarútvegur hefur minna vægi í þjóðhagslegu tilliti en á Íslandi. Helstu niðurstöður eru þær að af þeim löndum, sem skoðuð voru, er sjávarútvegur óvíða jafnmikilvægur þjóðarbúinu og hann er hér við Ísland. Ber stjórn veiða víða merki þess. Flest þessara ríkja eru með blönduð og nokkuð flókin fiskveiðistjórnunarkerfi sem hafa orðið til á löngum tíma og með endurteknum smálagfæringum eða breytingum. Þeim er því oft ætlað að styðja við byggðir og viðhalda þeim veiðiaðferðum sem notaðar hafa verið frekar en að þeim sé ætlað að hámarka arð. (Hreiðar Þór Valtýsson o.fl., 2014, bls. 13)

Hlutfall pottanna af heildar aflamarki hérlendis hefur hins vegar verið að hækka á undanförnum árum og nýjar tegundir potta hafa verið að koma fram s.s. strandveiðikerfið árið 2009 og aflamark Byggðastofnunar sem einnig er kallað sértækur byggðakvóti árið 2013. Þannig er kerfið mögulega að þróast í þá átt sem Hreiðar Þór Valtýsson og félagar (2014) lýsa hjá flestum þeim löndum sem þeir skoðuðu. Samkvæmt Holm o.fl. (2015), sem fjölluðu um mismunandi markmið með fiskveiðistjórnunarkerfum Norðmanna, Grænlendinga og Íslendinga er ljóst að markmið um að stuðla að efnahagslegum ávinningi þjóðarbúsins eru yfirgnæfandi í íslenska kerfinu og kemur ekki á óvart. Þrátt fyrir það virðist sem að samfélagslegur sáttmáli um veiðistjórnunarkerfið liggi ekki að fullu fyrir hérlendis. Það birtist í deilum um kerfið, s.s. hvað varðar aðgengi fyrir nýliða og áhrif á þróun byggðar. Til að koma til móts við þessa gagnrýni hefur m.a. verið bætt við fiskveiðistjórnunarkerfið ákvæðum til að koma til móts við þetta s.s. hvað varðar strandveiðar. Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem lagt var fram vorið 2009 var þannig að finna bráðabirgðáákvæði sem síðar festist í sessi, um að heimila strandveiðar þá um sumarið. Í athugasemdum með frumvarpinu sagði m.a. svo: „[n]úverandi stjórn fiskveiða er gagnrýnd fyrir að erfitt sé fyrir nýja aðila að hefja veiðar í atvinnuskyni“ og einnig sagði þar „[þ]annig er til að mynda ungu og áhugasömu fólki auðveldað að afla sér reynslu og þekkingar um leið og sveigjanleiki

er aukinn” (Alþingi, 2009, bls. 4). Í grein Níelsar Einarssonar (2011) kemur fram að umrædd breyting á fiskveiðistjórnunarkerfinu hafi komið til vegna þess að íslenska ríkið tapaði máli fyrir mannréttindadómstóli Sameinuðu þjóðanna<sup>13</sup> árið 2007 sem varðaði jafnan rétt þegn-anna til að stunda fiskveiðar. Það mál má rekja til hæstaréttardóms nr. 473/2002 þar sem tveir menn voru sakfelldir af hæstarétti m.a. fyrir að stunda fiskveiðar án þess að skip þeirra hefði haft tilskilin veiðileyfi.

Meðal svæða á norðurslóðum þar sem gerðar hafa verið ráðstafanir til að bæta svæðum upp neikvæð áhrif fiskveiðistjórnunarkerfa er Alaska. Þannig eru Community development quotas (CDQ) í vestur Alaska eða Beringssundssvæðinu dæmi um verkefni innan kvótakerfis sem er ætlað að hafa áhrif á þróun byggðar (Committee to review the community development quota program o.fl., 1999). Þetta verkefni byrjaði árið 1992 og hafði það að markmiði að hafa jákvæð efnahags- og samfélagsleg áhrif á sjávarbyggðir frumbyggja í vestur Alaska. Á fyrsta ári sínu hafði kerfið yfir að ráða 7,5% af kvóta fyrir Alaskaufsa og á næstu árum jukust heimildir í öðrum tegundum þannig að heildarmagnið var allt að 10% (Mansfield, 2007). Það sem er áhugavert við CDQ kerfið er að samfélög sem fá kvótann mega ekki selja hann en geta m.a. leigt kvóta út til einstaklinga eða fyrirtækja sem stunda útgerð og nýtt arðinn sem fæst fyrir leiguna til ýmissa samfélagslegra verkefna (sama heimild). Til þess að fá kvótann þurftu samfélögin að vera með samþykkt svokallað Community Development Plan (Ginter, 1995).

Carothers (2011) gerði rannsókn á öðru byggðakvótakerfi í Alaska, svokölluðu Community Quota Program sem er frábrugðið hinu fyrra sem lýst er að framan. Til þess að koma til greina í þessu verkefni þurftu byggðarlögin eða samfélögin að uppfylla nokkur skilyrði, þ.e. að íbúafjöldi væri undir 1.500, vera afskekkt, þ.e. ekki hnútpunktur<sup>14</sup> í vegakerfinu, vera staðsett við strönd (innan 10 mílna frá strönd Gulf of Alaska) og virk í fiskveiðum í atvinnuskyni (þ.e. eiga sér sögu um þátttöku í lúðu- og þorskveiðum). Alls féllu 42 byggðarlög undir þessi skilyrði. Rannsóknin sem hér er greint frá byggði á viðtölum og könnunum hjá íbúum í sjávarbyggðum. Rannsakandinn fjallaði um kvótakerfi Alaska út frá hugmyndum um réttlæti og kannaði viðhorf íbúanna til þess. Þar kom m.a. fram að frá einkavæðingu fiskveiðiréttinda í lúðu<sup>15</sup> og Alaskaborski<sup>16</sup> árið 1995 hafði kvóti byggðarlaga sem voru skoðuð í rannsókninni

<sup>13</sup> Mál nr. 1306/2004

<sup>14</sup> e. node.

<sup>15</sup> e. halibut.

<sup>16</sup> e. sablefish

minnkað í heild um 40% til ársins 2009 í lúðu og um 61% í Alaskaborski. Þeir einstaklingar sem áttu lúðukvóta voru orðnir 56% færri á sama tímabili og 63% færri áttu þorskvvóta.

Einnig tók hún viðtöl við forsvarsmenn samtaka sjávarbyggða en meðal þeirra hefur baráttu fyrir byggðarlög eða ákveðna tegund byggðarlaga, þ.e. þeirra sem byggja tilvist sína verulega á sjávarútvegi, aukist á kostnað þess að einbeita sér að réttindum einstaklinga á sviði sjávar-útvegs. Til þess að afla kvóta sem tengdur er byggðarlögum Community Quota Program þarf að stofna í byggðarlögunum það sem kallað er Community Quota Entity (CQE) sem eru eins konar „non-profit“ félög sem geta þá leitað að og keypt kvóta til byggðarlagsins á markaði og útteilt til sjómanna í samféluginu. Fram kom í rannsókninni að viðmælendum fannst mikil skriffinnska við að koma CQE á laggirnar og halda utan um slíkt félag. Það byggði mikið á framtaki tiltekinna einstaklinga í samféluginu. Þá var ofarlega í huga margra að hætta væri á að ávinningurinn af kvótanum kæmi fyrst og fremst stærri bátaeigendum til góða og þeim sem ættu meira undir sér í samféluginu en síður ungum sjómönum sem væru að koma undir sig fótunum. Þá kunni kvótaverðið að vera of hátt til að unnt sé að hagnýta sér ávinnингinn sem annars væri af sameiginlegum kaupum kvóta til byggðarlagsins.

Hér á landi er dæmi um sveitarfélag sem notar aflaheimildir í þágu sveitarfélagsins. Grýtubakkahreppur á dótturfyrirtækið Sænes ehf. sem stofnað var árið 1993 og ræður yfir aflaheimildum sem sveitarfélagið hóf að kaupa um 1990. Fiskvinnsla á Grenivík byggir m.a. á þessum aflaheimildum sem eru annars leigðar útgerðarfyrirtækinu Gjögri og ekið til Grenivíkur frá höfnum þar sem skip Gjögurs landa. Sjá má að hlutfall vinnslu miðað við löndun er einmitt afar hagstætt á Grenivík (Mynd 12). Auk þess er Sænes einskonar þróunarfélag og fyrir þann arð sem fæst fyrir leigu aflaheimildanna hjá Gjögri leggur Sænes t.d. fé í fyrirtæki á borð við lyjfajfyrirtækið Pharmarctica (Sigríður K. Þorgrímsdóttir, 2012). Einnig á Gjögur stóran eignarhlut í Sparisjóði Höfðhverfinga á móti Kaupfélagi Eyfirðinga, KEA og styður ýmis samfélagsverkefni í sveitarféluginu. Samkvæmt viðtali við Guðnýju Sverrisdóttur, fyrrverandi sveitarstjóra Grýtubakkahrepps er þetta líklega eina dæmið um þessar mundir um útgerðarfyrirtæki sem á fiskveiðiheimildir sem nýttar eru í samfélagslegum tilgangi með þessum hætti. Talið er að lyjfajfyrirtækið Pharmarctica hefði t.a.m. aldrei orðið að veruleika á þessum stað án þess að fjárfesting af hálfu Gjögurs hefði komið þar til (sama heimild). Huga þyrfti þó sérstaklega að heimild sveitarfélagsins til framsals þessara réttinda og hafa hana takmarkaða og kannski eingöngu heimild til leigu en ekki sölu.

Vísbendingar eru um að þróttmikil samfélög geti haft jákvæð áhrif á nýtingu sjávaraútlindarinnar og þannig séu áhrifin ekki bara í aðra áttina. Þannig leggur Jentoft (2000) í grein sinni

áherslu á að þróttmiklar sjávarbyggðir séu forsenda fyrir því að vel gangi við veiðar úr fiskistofnum og að umgengni um auðlindina sé góð. Hins vegar sé hagur samfélagsins sem slíks jafnan ekki hluti af markmiðum fiskveiðistjórnunarkerfa með nokkrum undantekningum.

Þannig sé t.d. sjómaður, sem vel gengur um auðlindina, gjarnan alinn upp í samfélagi þar sem þau gildi séu í hávegum höfð og sé meðvitaður um að slík umgengni sé nauðsynleg til að viðhalda auðlindinni, þ.e. lifibrauði slíkra samfélaga. Fram kemur í greininni að ef kvarnist úr samfélögum, þar sem byggt er á sjávarútvegi með fækkun starfsmanna sem byggja á útgerð, þá rýri það samfélagið í heild sinni. Allir tapi í raun á því og dóminó-áhrif muni eiga sér stað.

Það sem m.a. er verið að bæta upp fyrir með sumum pottunum, aðallega almenna byggðakvótanum og sértæka byggðakvótanum eru einkum afleiðingar af tilflutningi á kvóta milli útgerðastaða en einnig milli útgerðarflokka; frá minni bátum (í aflamarkskefinu) yfir á stærri skip. Í sumum fiskveiðistjórnunarkerfum er reynt að koma í veg fyrir þetta. Þá er flutningur milli mismunandi stærðarflokka báta/skipa ekki heimill, s.s. í Noregi (Hreiðar Þór Valtysson o.fl., 2014). Annað, sem ekki síður hindrar tilflutning kvóta í norska fiskveiðistjórnunarkerfinu, er að ef kvóti er fluttur milli byggðarlaga þá tapast ákveðinn hluti af honum. Einkum á þetta við um flutning kvóta frá norður Noregi til suðurhluta landsins. Ef kvóti er hins vegar fluttur frá suður Noregi til norðlægra byggðarlaga þá tapast enginn hluti hans (sama heimild). Norska fiskveiðistjórnunarkerfið hefur fjögur megin markmið; 1) auka arðsemi sjávarútvegsins, 2) vernda auðlindina, 3) tryggja atvinnutækifæri í strandbyggðum og 4) viðhalda byggð meðfram ströndinni (Årland og Bjørndal, 2002). Það er athyglisvert hve byggðasjónarmið vega þungt í þessum markmiðum norska kerfisins.

Í umræðum um fiskveiðistjórnunarkerfið birtist oft togstreita milli smábátaútgerðar og togaraútgerðar m.a. þar sem tilflutningur aflaheimilda hefur oft verið frá fyrra útgerðarforminu<sup>17</sup> til hins síðara og að smábátaútgerð er fremur stunduð frá fámennari byggðarlögum sem látið hafa undan síga í samkeppninni. Í grein Standal og Aarset (2008) segir að oft hafi verið ákveðin tvíhyggja gagnvart togaraútgerð og bæði litið á hana sem tákna nútíma-væðingar og hagkvæmni en á sama tíma fjármagnsfrekan rekstur sem bæði spilli fiskimiðum og lífsafkomu fámennra byggðarlaga. Þessi sjónarmið eigi einnig við í norsku samhengi og að þrátt fyrir að norska fiskveiðikerfinu sé ætlað að tryggja hlutdeild smárra báta og byggðarlaga í auðlindinni þá sé engin trygging fyrir því að kerfið nái því markmiði. Kerfið sé óhagkvæmara en frjálst framsal aflaheimilda og á endanum verði niðurstaðan sú sama og í því, að


<sup>17</sup> Ef viðkomandi bátar hafa verið í aflamarkskefinu.

fiskveiðiheimildir safnist á færri hendur (sama heimild). Þrátt fyrir að margir hafi litið til Norðmanna hvað það varðar að hlúa að mismunandi flokkum útgerðar þá hafa Hersoug o.fl. (2000) svipaðar efasemdir um norska kerfið og að það nái til lengdar þeim markmiðum að tryggja hlutdeild strandveiðimanna og fámennari byggðarlagu.

Augljóst er að leiðir til að styrkja byggð í tengslum við stjórnun fiskveiða eru ýmsum vandkvæðum bundnar. Slíkt er fjarri því að vera sérslenskt fyrirbæri. Þá er orsakasamhengi milli þróunar byggðar og útgerðar og vinnslu ekki augljóst. Margt bendir til að almenn þróun samfélagsins, innviða og efnahagslífs í átt til sífellt meiri miðlægni og stærri rekstrareininga vegi sífellt þyngra og veiki stöðu fámennra byggðarlagu, sérstaklega þeirra sem liggja fjær hringiðu mannlífsins. Draga má þá ályktun að aðgerðir til að hafa áhrif á þessa þróun þurfi að vera samstilltar og taka til fleiri þátta en aðeins þeirra að flytja til veiðiheimildir milli staða eða flokka útgerðar.

## 5 VIÐFANGSEFNIÐ

Viðfangsefni þessarar skýrslu eru pottar fiskveiðistjórnunarkerfisins og sjávarbyggðir á Íslandi. Samkvæmt þingsályktun nr. 15/144 sem samþykkt var á löggjafarþinginu 2014-2015 er 5,3% af aflamarki, sem dregið er frá almennri úthlutun, ætlað að koma til sérstakrar ráðstöfunar samkvæmt eftirfarandi liðum. Þessir liðir, eða verkefni, er það sem sumir hafa kallað potta kvótakerfisins. Þeim er ætlað að hafa áhrif á þróun byggðar, hafa áhrif á útgerðarfórm eða veiðiaðferðir og/eða að mæta skakkaföllum útgerðaraðila. Mynd 5 sýnir hlutfallslega skiptingu þeirra skv. þingsályktun nr. 15/144 á löggjafarþingi 2014-15.




**Mynd 5. Pottar kvótakerfisins og hlutfallsleg skipting þeirra skv. þingsályktun nr. 15/144 á löggjafarþinginu 2014-15**

Auk þessa kemur fram í þingsályktuninni að aflaheimildir í makríl verði seldar á ákveðnu kílóverði til báta undir 30 brúttótonnum að stærð til veiða á grunnslöð. Gert er ráð fyrir að þessi skipting verði viðhöfð á fiskveiðíarunum frá og með 2015/2016 til og með 2020/2021.

Í almenna fiskveiðistjórnunarkerfinu, sem komið var á fót árið 1984, ákvarðar ráðherra heildar aflamark<sup>18</sup> á hverju fiskveiðíári en eigendur fiskiskipa hafa veiðiheimildir sem reiknast sem hlutdeild í því en pottarnir eru frávik frá þessari almennu úthlutunarreglu veiðiheimilda. Fjórir af þessum sex pottum hafa verið langstærstir (Mynd 5). Nokkrir þessara potta hafa

<sup>18</sup> Í þessari skýrslu er heildar aflamark samtala almenns aflamarks og potta.

verið til í einhverri mynd frá árinu 1990 en línuvílnun hefur verið til allt frá upphafi afla-markskefisins árið 1984, jöfnun frá 1995, áframeldi frá 2001 og strandveiðar frá 2009. Byggðakvótinn hefur ýmist verið í umsjá Fiskistofu fyrir hönd ráðherra (sá almenni) eða Byggðastofnunar (sá sértæki). Núna hafa jöfnun og krókaaflamarksbætur verið afnumdar. Þá hefur verið lagt til að leggja af heimildir vegna áframeldis á þorski þar sem þróun fiskeldis er ekki lengur í þá átt (Alþingi, 2015). Þessar upplýsingar og ýtarlegrí má finna í grein Vífils Karlssonar og Sveins Agnarssonar (Forthcoming). Þá var gerð allítarleg greining á pottunum og þróun þeirra lýst í fróðlegu minnisblaði sem gert var á vegum vinnuhóps sjávarútvegs-ráðherra sem skilaði niðurstöðum sínum í árslok 2011 (Atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytið, 2011).



Mynd 6. Úthlutun veiðiheimilda úr pottum fiskveiðistjórnunarkerfisins 2003-2014

Frá árinu 2003 var úthlutun veiðiheimilda á grundvelli potta framan af í kringum 15.000 tonn en dró lítið eitt úr þeim 2007 en úthlutun jókst aftur þegar strandveiðar voru settar á laggirnar 2009 og voru í kringum 25.000 tonn árið 2014 (Mynd 6)<sup>19</sup>. Þetta er athyglisverð þróun í ljósi þess að almennt aflamark<sup>20</sup> í botn- og flatfisktegundum dróst mikið meira saman á þessu tímabili (Mynd 8). Augljóst er að mesti hluti þessara veiðiheimilda fór í gegnum byggðakvóta fiskveiðiárið 2014/2015 (eða rúm 9.400 tonn), þá strandveiðar (tæp 8.700

<sup>19</sup> Ártal í mynd miðast við upphafsár fiskveiðiárs.

<sup>20</sup> Í þessari skýrslu er almennt aflamark bæði aflamark almenna aflamarkskefisins og krókaaflamarkskefisins (smábátakerfisins). Heildaraflamark er samtala almenns aflamarks og potta.

tonn), línuvílnun (5.000 tonn), skelbætur (tæp 1.800 tonn) og áframeldi (500 tonn en fer lækkandi).

Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða er yfirleitt kveðið á um að það magn sem veitt er í pottana kemur til lækkunar á því heildaraflamarki sem handhafar veiðiheimilda sækja eftir. Það hefur m.a. verið orðað svo að handhafar aflamarks „stand[i] undir því aflamarki sem varið er til strandveiðanna sem og til byggðakvóta og línuvílnunar“ (Kistrún M. Frostadóttir, 2011).

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands eru 105 þéttbýlisstaðir á Íslandi. Fiskiskip eru skráð í 82 þeirra og má því á þennan hátt telja staðina til sjávarbyggða. Hins vegar eru þeir eingöngu 68 eftir þegar frá eru talin byggðarlög sem „óvart“ hafa fáein skráð skip en eru ekki hefðbundnr útgerðarstaðir. Dæmi um þetta eru Borgarnes, Selfoss og Kópavogur<sup>21</sup>.

Í þessari rannsókn verður landið allt greint í einni keyrslu en síðan eru framkvæmdar nokkrar mismundandi keyrslur þar sem landinu er skipt upp í tiltekin svæði með það að markmiði að ná utan um eftifarandi einkenni: sjávarbyggðir á stór-höfuðborgarsvæðinu, staðir á svæðinu 51-200 km frá höfuðborgarsvæðinu, markhópur sértæka byggðarkvótans (þ.e. aflamarks Byggðastofnunar), Vestfirðir og svo önnur byggðarlög.

---

<sup>21</sup> Allur listinn: Blönduós, Borgarnes, Búðardalur, Djúpavík, Flatey á Breiðarfirði, Garðabær, Gjögur, Haukabergsvaðall, Hellnar, Reykhólar, Selfoss, Seltjarnarnes, Svalbarðsströnd og Vík í Mýrdal.

## 6 GÖGN OG AÐFERÐIR

### 6.1. AÐFERÐIR

Í nýlegri skýrslu var lagt mat á aflamark Byggðastofnunar eða sértæka byggðakvótann eins og það er líka kallað (Vífill Karlsson, 2015a). Þar var fjallað um ýmsar mögulegar aðferðir til beitingar við greiningu sem þessa og var þar fyrst greint á milli opinberra verkefna sem hafa verið í gangi um lengri eða skemmri tíma. Pottarnir eða viðfangsefnin sem hér eru til umfjöllunar hafa verið í gangi í a.m.k. sex ár og hafa snert fjölda byggðarlaga. Það er því fyrirliggjandi fullnægjandi gagnasafn til að framkvæma flóknari tölfraðilega aðferð en í tilviki sér-tæka byggðakvótans sem aðeins hefur verið úthlutað síðan 2013. Aðhvarfsgreining lík þeirri sem notuð var til að meta árangur almenna byggðakvótans<sup>22</sup> í þeirri skýrslu varð fyrir valinu (Vífill Karlsson, 2015a).

Aðhvarfsgreining er öflugt greiningartæki en vandi aðferðarinnar er saá að það þurfa helst að liggja fyrir gögn a.m.k. 20-30 athugana. Reynsla af fyrirkomulaginu í a.m.k. 3 ár í 10 byggðar-lögum eða einhver önnur samsetning sem gæfi 30 athuganir væri nægjanleg. Þetta þarf samt að meta hverju sinni út frá gagnasafninu. Strandveiðarnar hafa verið stundaðar síðan 2009 frá fjölda byggðarlaga. Það verkefni hefur verið hvað styrt í gangi af þeim sem skoðuð eru hér og er þessi aðferð því vel framkvæmanleg og mun verða aðalaðferð verkefnisins.

Aðhvarfsgreiningin virkar þannig að töluleg gögn yfir úthlutun í hverjum potti fyrir sig í hverju byggðarlagi (heimahöfn skips) ásamt almennu aflamarki eru borin saman við veiði í viðkomandi byggðarlagi á hverju ári. Pottarnir og almenna aflamarkið eru því óháðar breytur<sup>23</sup> á meðan heildarveiði er háða breyta<sup>24</sup> líkansins. Þessi aðgerð stendur fyrir eitt líkan. Hins vegar er ætlunin að nota þrjú líkön í þessu mati. Hin tvö eru með sömu óháðu breytum en háðu breyturnar aðrar. Í öðru líkaninu er heildar löndun í viðkomandi byggðarlagi háða breytan en unnninn afli (vinnsla) í þriðja líkaninu.

Þessi aðferð metur síðan hvort breytingar í heildarafla, lönduðum afla eða unnum afla víðs-vegar um landið fari saman með breytingum í almennu aflamarki og/eða pottum fiskveiði-stjórnunarkerfisins eins og byggðakvóta, línuvílnun, strandveiðum o.p.h.

Tæknilega framsetningu líkansins og niðurstöður er að finna í viðauka 3.

<sup>22</sup> Þá kallað byggðakvóti Fiskistofu.

<sup>23</sup> Háð breyta, e. dependent variable.

<sup>24</sup> Óháð breyta, e. independent variable.

Til frekari skýringar á niðurstöðum getur orðið nauðsynlegt að nota lýsandi greiningu til að öðlast dýpri skilning á niðurstöðum hennar. Í lýsandi greiningu eru töluleg gögn sett fram á myndrænan hátt og reynt að draga fram samsvörum og/eða mismun í þeim.

## 6.2. GÖGN

Gögnin sem lágu til grundvallar aðhvarfsgreiningunni og náðu yfir heildarafla, landanir og fiskvinnslu komu frá Hagstofu Íslands en gögnin yfir heildaraflamagn og úthlutun pottana komu frá Fiskistofu og lítið eitt frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR). Gögnin frá Fiskistofu og ANR eru flokkuð eftir fiskveiðíárum<sup>25</sup> en gögn Hagstofunnar eru birt eftir almanaksárum. Til samræmingar var fiskveiðíárið umreknað yfir í almanaksár þannig að afli almanaksárs tók yfir 1/3 yfirstandandi árs og 2/3 fyrra fiskveiðíárs. Þannig eru allar samtölur ára brotnar upp eftir löndunarhöfnum eða taliðum. Þær eru allar í tonnum en ekki þorskígildistonnum til að gæta samræmis á milli háðra og óháðra breyta. Tölurnar yfir sértæka byggðakvótann (fyrri) og krókaflamarksbætur voru eingöngu í þorskígildistonnum. Það ætti ekki að koma að mikilli sök þar sem tölurnar voru lágar og náðu bara yfir 1-2 ár að hámarki.

**Tafla 3. Samantekt og tölulegt yfirlit gagna**

| Breyta                       | Lýsing  | Meðaltal | Staðalfrávik |
|------------------------------|---|----------|--------------|
| Almennt aflamark, kvóti      | Heildarkvóti allra skipa tiltekins staðar á ári í tonnum talið.   | 4.758,6  | 8.979,5      |
| Almennur byggðakvóti         | Heildar-byggðakvóti allra skipa tiltekins staðar á ári í tonnum talið. Þetta er byggðakvóti sem Fiskistofa rekur í umboði ráðherra.                           | 59,2     | 87,7         |
| Innflutningur á hráefni      | Innflutningur á botnfisk- og flatfiskafla til landsins.   | 37,8     | 232,6        |
| Krókaflamarksbætur           | Heildar-krókaflamarksbætur allra skipa tiltekins staðar á ári í þorskígildistonnum talið.   | 2,5      | 24,3         |
| Línuvílnun                   | Heildarlínuvílnun allra skipa tiltekins staðar á ári í tonnum talið.  | 57,8     | 127,5        |
| Löndun                       | Heildarlöndun á tilteknum stað á ári í tonnum talið. Gögn sótt í töflu Hagstofunnar sem kölluð er „Afli eftir löndunarhöfn, fisktegund og mánuðum 1992-2014“. | 5.902,3  | 12.121,4     |
| Sértæki byggðakvótinn, fyrri | Heildar byggðakvóti allra skipa tiltekins staðar á ári í þorskígildistonnum talið.  | 2,7      | 19,6         |

<sup>25</sup> Fiskveiðíárið er frá 1. september til 31. ágúst.

|                               |  |         |          |
|-------------------------------|--|---------|----------|
|                               | Þetta var byggðakvóti í umsjá Byggðastofnunar til ársins 2005.   |         |          |
| Sértæki byggðakvótinn, seinni | Heildar aflamark Byggðastofnunar á öll skip tiltekins staðar á ári í tonnum talið.   | 4,2     | 37,0     |
| Skelbætur                     | Heildarkvóti skelbóta allra skipa tiltekins staðar á ári í tonnum talið.   | 35,3    | 134,8    |
| Strandveiðar A                | Strandveiðar allra skipa tiltekins staðar á ári í tonnum talið. Flokkað eftir heimahöfn skips.   | 53,7    | 86,6     |
| Strandveiðar B                | Strandveiðar allra skipa tiltekins staðar á ári í tonnum talið. Flokkað eftir því hvar hvert skip landaði aflanum.   | 53,6    | 102,6    |
| Veiðar erlendis A             | Heildarveiði á erlendum hafsvæðum í tonnum talið. Þó eru veiði á Reykjanes-hrygg og á þorski við strendur Noregs og Rússlands dregin frá vegna þess að gert er grein fyrir honum í almennu aflamarki. Flokkað eftir heimahöfn skips.                     | 30,6    | 157,7    |
| Veiðar erlendis B             | Heildarveiði á erlendum hafsvæðum í tonnum talið. Þó eru veiðar á Reykjanes-hrygg og þorski við strendur Noregs og Rússlands dreginn frá vegna þess að gerð er grein fyrir honum í almennu aflamarki. Flokkað eftir því hvar hvert skip landaði aflanum. | 27,2    | 131,9    |
| Veiði                         | Heildarveiði allra skipa tiltekins staðar á ári í tonnum talið. Gögn sótt í töflu Hagstofunnar sem kölluð er „Afli eftir heimahöfnum, kvótaflokkum skipa og fisktegundum 1992-2014“.   | 5.855,1 | 10.396,6 |
| Vinnsla                       | Fiskvinnsla á tilteknum stað á ári í tonnum hráefnis talið. Gögn sótt í töflu Hagstofunnar sem kölluð er „Afli eftir tegund vinnslu, fisktegundum og verksunarstöðum 1992-2014“ á heimasíðu Hagstofunnar.  | 5.432,0 | 12.062,0 |
| Vinnsla (2)                   | Fiskvinnsla á tilteknum stað á ári í tonnum hráefnis talið. Sérvinnsla hjá Hagstofunni þar sem staður tekur frekar mið af fyrsta kaupanda hráefnis.  | 5.430,6 | 12.374,0 |


*Heimild: Tölur höfunda*

Erfitt reyndist að fá góðar tölur yfir jöfnunina sérstaklega en hún virtist þó vera tilgreind að mestu leyti í tölu yfir almennt aflamark.

Eingöngu var tekið eitt opið viðtal vegna þróunar skelbóta í Stykkishólmi. Talað var við Eggert Halldórsson hjá Þórsnesi til að fá staðfestingu á ákveðnum tölum, og fá viðbótarupplýsingar.

### 6.3. SVÆÐISSKIPTING

Ákveðið var að gera fyrst greiningu fyrir landið allt og síðan svæðisskipta landinu eins og fyrr var getið. Mynd 7 sýnir á uppdrætti staðsetningu einstakra hafna í hverjum flokki.



Mynd 7. Flokkun hafna eða staða eftir tegundum

Valin svæði voru markhópur Byggðastofnunar fyrir sértæka byggðakvótann seinni, Snæfellsnes, Vestfirðir að undanskyldum þeim stöðum sem féllu undir markhóp Byggðastofnunar. Þá voru hafnir á stórhöfuðborgarsvæðinu settar saman í eitt svæði vegna þess að komið hefur fram að þar er áherslan á vinnslu og kaupa aðilar á því svæði mikið af hráefni frá öðrum höfnum – einkum þeim sem eru næst þeim eins og af Snæfellsnesi. Þá voru hafnir sem féllu ekki undir þessi svæði hnepptar saman í eitt svæði og kallaðar aðrar hafnir þó að hér sé auðvitað ekki um einsleitan hóp að ræða. Þá voru nokkrar hafnir skilgreindar sem staðir án útgerðar og þeim alltaf haldið utan við greiningarnar. Mynd 7 sýnir svæðisskiptinguna og heildarfjölda hafna í hverjum flokki. Töflu með heildarlista yfir hafnirnar er að finna í viðauka (Tafla 23).

Tafla 4: Landsvæði og fjöldi hafna eftir tegundum


| Landsvæði                 | Fjöldi hafna |
|---------------------------|--------------|
| Aðrar hafnir              | 24           |
| Markhópur Byggðastofnunar | 17           |
| Staðir án útgerðar        | 14           |
| Stór-höfuðborgarsvæði     | 14           |
| Snæfellsnes               | 6            |
| Vestfirðir                | 7            |
| Samtals                   | 82           |

*Heimild: Tölur höfunda*

## 7 GREINING

### 7.1. STAÐTÖLUGREINING

Greining á skiptingu almenns aflamarks, veiðum, löndunum og vinnslu eftir landsvæðum skýrslunnar sýnir að stór-höfuðborgarsvæðið er lang afkastamesta verstöð landsins þegar horft er til botnfisk- og flatfisktegunda (Tafla 5) en samkvæmt tölum Hagstofu Íslands skiluðu þær tegundir 70% af útflutningstekjum sjávarútvegsins árið 2004 en 64% árið 2014 svo einhver viðmið séu höfð um umfang og mikilvægi þeirra. Þar er verið að veiða og vinna rúmlega helming alls slíks afla. Þá hefur vinnslan færst í aukana á því tímabili sem skýrslan tekur til. Hins vegar eru ekki nema tæp 40% af almennum aflaheimildum á þessu svæði í þessum tegundum – þannig að aðilar í útgerð þar veiða hlutfallslega meira á grundvelli heimilda úr pottum, á erlendum hafsvæðum eða kaupa hráefni af öðrum svæðum eða jafnvel frá öðrum löndum þegar þessar tölur eru bornar saman við veiði og landanir.



Mynd 8. Almennar aflaheimildir í botnfisk- og flatfisktegundum á miðum við Ísland 2004-2014

Almennar aflaheimildir í botn- og flatfisktegundum drögust saman (ekki ÞÍG-tonn) á því tímabili sem unnið er með í þessari skýrslu og lækkar úr um 450.000 tonnum í 350.000. (Mynd 8).

Tafla 5. Skipting aflamarks, veiða, löndunar og vinnslu eftir landsvæðum skýrslunnar

| Landsvæði / framleiðslustig  | Meðaltal 2004-2008 | Meðaltal 2011-2014 |
|------------------------------|--------------------|--------------------|
| <b>Stór-höfuðborgarsvæði</b> |                    |                    |
| Almennt aflamark             | 39%                | 38%                |
| Veiði                        | 40%                | 38%                |
| Landanir                     | 41%                | 39%                |
| Vinnsla                      | 52%                | 55%                |
| <b>Snæfellsnes</b>           |                    |                    |
| Almennt aflamark             | 10%                | 10%                |
| Veiði                        | 11%                | 10%                |
| Landanir                     | 10%                | 9%                 |
| Vinnsla                      | 4%                 | 5%                 |
| <b>Vestfirðir</b>            |                    |                    |
| Almennt aflamark             | 6%                 | 7%                 |
| Veiði                        | 7%                 | 7%                 |
| Landanir                     | 6%                 | 9%                 |
| Vinnsla                      | 4%                 | 5%                 |
| <b>Akureyri</b>              |                    |                    |
| Almennt aflamark             | 7%                 | 5%                 |
| Veiði                        | 6%                 | 5%                 |
| Landanir                     | 5%                 | 4%                 |
| Vinnsla                      | 9%                 | 5%                 |
| <b>Aðrar hafnir</b>          |                    |                    |
| Almennt aflamark             | 23%                | 25%                |
| Veiði                        | 22%                | 24%                |
| Landanir                     | 23%                | 23%                |
| Vinnsla                      | 21%                | 20%                |
| <b>Vestmannaeyjar</b>        |                    |                    |
| Almennt aflamark             | 10%                | 10%                |
| Veiði                        | 8%                 | 9%                 |
| Landanir                     | 8%                 | 8%                 |
| Vinnsla                      | 5%                 | 5%                 |
| <b>Markhópur SB</b>          |                    |                    |
| Almennt aflamark             | 5%                 | 5%                 |
| Veiði                        | 6%                 | 7%                 |
| Landanir                     | 7%                 | 8%                 |
| Vinnsla                      | 5%                 | 5%                 |

*Heimild: Útreikningar höfunda byggðir á gögnum Fiskistofu og Hagstofu Íslands*

Þegar skiptingin var skoðuð eftir hefðbundinni landshlutaflokkun Hagstofunnar (Tafla 6) kom í ljós að höfuðborgarsvæðið er stærsta verstöðin og bætir við sig milli tímabilanna á flestum framleiðslustigum. Þetta er sérstaklega áberandi í vinnslunni þar sem hlutdeildin fór að jafnaði hvert ár, úr 25% af heildinni, á tímabilinu 2004-2008 í 30% af heildinni 2011-2014.

Tafla 6. Skipting aflamarks, veiða, löndunar og vinnslu eftir landsvæðum Hagstofunnar

| Landsvæði / framleiðslustig | Meðaltal 2004-2008 | Meðaltal 2011-2014 |
|-----------------------------|--------------------|--------------------|
| <b>Höfuðborgarsvæðið</b>    |                    |                    |
| Almennt aflamark            | 16%                | 16%                |
| Veiði                       | 15%                | 16%                |
| Landanir                    | 20%                | 22%                |
| Vinnsla                     | 25%                | 30%                |
| <b>Suðurnes</b>             |                    |                    |
| Almennt aflamark            | 16%                | 15%                |
| Veiði                       | 17%                | 15%                |
| Landanir                    | 15%                | 14%                |
| Vinnsla                     | 22%                | 21%                |
| <b>Vesturland</b>           |                    |                    |
| Almennt aflamark            | 14%                | 14%                |
| Veiði                       | 15%                | 15%                |
| Landanir                    | 12%                | 10%                |
| Vinnsla                     | 6%                 | 6%                 |
| <b>Vestfirðir</b>           |                    |                    |
| Almennt aflamark            | 9%                 | 9%                 |
| Veiði                       | 10%                | 10%                |
| Landanir                    | 9%                 | 11%                |
| Vinnsla                     | 8%                 | 7%                 |
| <b>Norðurland vestra</b>    |                    |                    |
| Almennt aflamark            | 5%                 | 5%                 |
| Veiði                       | 5%                 | 5%                 |
| Landanir                    | 6%                 | 6%                 |
| Vinnsla                     | 5%                 | 5%                 |
| <b>Norðurland eystra</b>    |                    |                    |
| Almennt aflamark            | 18%                | 18%                |
| Veiði                       | 17%                | 18%                |
| Landanir                    | 13%                | 16%                |
| Vinnsla                     | 19%                | 17%                |
| <b>Austurland</b>           |                    |                    |
| Almennt aflamark            | 9%                 | 10%                |
| Veiði                       | 8%                 | 9%                 |
| Landanir                    | 12%                | 11%                |
| Vinnsla                     | 6%                 | 6%                 |
| <b>Suðurland</b>            |                    |                    |
| Almennt aflamark            | 13%                | 12%                |
| Veiði                       | 11%                | 11%                |
| Landanir                    | 12%                | 11%                |
| Vinnsla                     | 9%                 | 8%                 |

Heimild: Útreikningar höfunda byggðir á gögnum Fiskistofu og Hagstofu Íslands

Þá eru Suðurnes og Norðurland eystra á svipuðu róli sem önnur og þriðja stærsta verstöð landsins með ákveðnum frávikum, eins og t.a.m. að Norðurland eystra sem heild gefur lítið eitt eftir í vinnslu á meðan Suðurnesin sækja á. Snæfellsnes var fjórða stærsta verstöðin í þessum samanburði. Allt önnur mynd, og ekki síður áhugaverði, hefði blasað við ef leiðrétt hefði verið fyrir íbúafjölda hvers svæðis.

**Tafla 7. Veiðar og vinnsla valdra landsvæða sem hlutfall af aflaheimildum, pottum og löndunum**

| Landsvæði / ár                | Veiðihlutfall<br>aflaheimilda | Vinnsluhlutfall<br>aflaheimilda | Vinnsluhlutfall<br>landana |
|-------------------------------|-------------------------------|---------------------------------|----------------------------|
| <b>Stór-höfuðborgarsvæðið</b> |                               |                                 |                            |
| Meðaltal 2004-2008            | 117%                          | 138%                            | 114%                       |
| Meðaltal 2011-2014            | 122%                          | 171%                            | 136%                       |
| <b>Snæfellsnes</b>            |                               |                                 |                            |
| Meðaltal 2004-2008            | 129%                          | 48%                             | 41%                        |
| Meðaltal 2011-2014            | 122%                          | 61%                             | 56%                        |
| <b>Vestfirðir</b>             |                               |                                 |                            |
| Meðaltal 2004-2008            | 123%                          | 73%                             | 66%                        |
| Meðaltal 2011-2014            | 115%                          | 69%                             | 51%                        |
| <b>Akureyri</b>               |                               |                                 |                            |
| Meðaltal 2004-2008            | 87%                           | 129%                            | 170%                       |
| Meðaltal 2011-2014            | 119%                          | 128%                            | 124%                       |
| <b>Aðrar hafnir</b>           |                               |                                 |                            |
| Meðaltal 2004-2008            | 111%                          | 91%                             | 81%                        |
| Meðaltal 2011-2014            | 113%                          | 88%                             | 81%                        |
| <b>Vestmannaeyjar</b>         |                               |                                 |                            |
| Meðaltal 2004-2008            | 99%                           | 56%                             | 58%                        |
| Meðaltal 2011-2014            | 107%                          | 54%                             | 55%                        |
| <b>Markhópur SB</b>           |                               |                                 |                            |
| Meðaltal 2004-2008            | 113%                          | 83%                             | 60%                        |
| Meðaltal 2011-2014            | 115%                          | 80%                             | 58%                        |

*Heimild: Útreikningar höfunda byggðir á gögnum Fiskistofu og Hagstofu Íslands*

Þrjú hlutföll eru áhugaverð í þessu samhengi (Tafla 7). Það er veiðihlutfall aflaheimilda<sup>26</sup>, vinnsluhlutfall aflaheimilda<sup>27</sup> og vinnsluhlutfall landana<sup>28</sup>. Á þessu sést að stór-höfuðborgarsvæðið er sterkt í vinnslu og styrkir sig á tímabilinu. Þá styrkir svæðið sig heldur í veiðum þar sem veiðihlutfallið á fyrra tímabilinu útskýrir nokkurn veginn slægingarhlutfallið<sup>29</sup>. Þá er þar veitt heldur meira en svarar til þess afla sem kemur á hafnir svæðisins. Á Snæfellsnesi er mesti munurinn á milli veiði- og vinnsluhlutfalls sem rennir stoðum undir það hversu mikið „veiðisamfélag“ er á svæðinu. Mynd 4 sýndi einmitt að vestanvert landið hefur áhrif til að „toga“ til sín þyngdarmiðju landsins í veiðum botnfisk- og flatfisktegunda. Snæfellsnes hefur þó sótt fram í vinnslu samkvæmt þessum tölum. Athygli vekur hvað Akureyri er öflug í veiðum og vinnslu. Þá er athyglisvert hvað Markhópur SB er sterkur í vinnslu borið saman við Vestfirði og Snæfellsnes.

**Tafla 8. Breyting á vinnslu og heildaraflamarki valdra landsvæða á milli 2004-2008 og 2011-2014.**

| Landsvæði              | Vinnsla | Heildaraflamark |
|------------------------|---------|-----------------|
| Stór-höfuðborgarsvæðið | 1.958   | -31.305         |
| Snæfellsnes            | 2.855   | -5.074          |
| Vestfirðir             | -576    | 682             |
| Akureyri               | -15.524 | -15.330         |
| Aðrar hafnir           | -8.055  | -4.786          |
| Vestmannaeyjar         | -4.365  | -6.936          |
| Markhópur SB           | -1.859  | -1.638          |

*Heimild: Útreikningar höfunda byggðir á gögnum Fiskistofu og Hagstofu Íslands. Tölur í tonnum að jafnaði árlega. Í aflahlutdeildum, pottum o.fl. eru veiðum á erlendum hafsvæðum og innflutningi á hráefni bætt við.*

Til nánari glöggunar voru settar fram tölur í tonnum yfir vinnslu og aflahlutdeildir til að sjá hvort hlutföllin eru að breytast vegna hækunar eða lækkunar á þeim (Tafla 8). Á þessu sést að vinnsla eykst eingöngu á stór-höfuðborgarsvæðinu og Snæfellsnesi á milli tímabila. Hins vegar aukast aflaheimildir eingöngu á Vestfjörðum.

<sup>26</sup> Veiðihlutfall aflaheimilda er reiknað sem heildarveiði skráðra skipa deilt með heildaraflamarki ásamt veiði utan lögsögu landsins, allt í tonnum talið. Eingöngu var horft til botnfishs- og flatfisktegunda.

<sup>27</sup> Vinnsluhlutfall aflaheimilda er reiknað sem heildarvinnsla á viðkomandi stað/höfn deilt með heildaraflamarki skráðra skipa ásamt veiði þeirra utan lögsögu landsins og innflutnings á hráefni til vinnslu, allt í tonnum talið. Eingöngu er horft til botnfishs- og flatfisktegunda.

<sup>28</sup> Vinnsluhlutfall landana er reiknað sem heildarvinnsla á viðkomandi stað/höfn deilt með öllum afla sem landað er á viðkomandi höfn óháð heimahafnar skipa, allt í tonnum talið. Eingöngu er horft til botnfishs- og flatfisktegunda.

<sup>29</sup> Algengt slægingarhlutfall er 16% í botnfiski, s.s. þorski, ýsu og ufsa en nokkru lægra í flatfiski eða um 8%.

Tafla 9. Veiðar og vinnsla landsvæða sem hlutfall af aflaheimildum, pottum og löndunum

| Landsvæði / ár           | Veiðihlutfall aflaheimilda | Vinnsluhlutfall aflaheimilda | Vinnsluhlutfall landana |
|--------------------------|----------------------------|------------------------------|-------------------------|
| <b>Höfuðborgarsvæðið</b> |                            |                              |                         |
| Meðaltal 2004-2008       | 111%                       | 163%                         | 114%                    |
| Meðaltal 2011-2014       | 116%                       | 209%                         | 130%                    |
| <b>Suðurnes</b>          |                            |                              |                         |
| Meðaltal 2004-2008       | 128%                       | 150%                         | 133%                    |
| Meðaltal 2011-2014       | 131%                       | 172%                         | 147%                    |
| <b>Vesturland</b>        |                            |                              |                         |
| Meðaltal 2004-2008       | 122%                       | 41%                          | 42%                     |
| Meðaltal 2011-2014       | 122%                       | 46%                          | 59%                     |
| <b>Vestfirðir</b>        |                            |                              |                         |
| Meðaltal 2004-2008       | 127%                       | 86%                          | 75%                     |
| Meðaltal 2011-2014       | 118%                       | 80%                          | 64%                     |
| <b>Norðurland vestra</b> |                            |                              |                         |
| Meðaltal 2004-2008       | 97%                        | 100%                         | 82%                     |
| Meðaltal 2011-2014       | 110%                       | 98%                          | 77%                     |
| <b>Norðurland eystra</b> |                            |                              |                         |
| Meðaltal 2004-2008       | 107%                       | 103%                         | 128%                    |
| Meðaltal 2011-2014       | 116%                       | 97%                          | 98%                     |
| <b>Austurland</b>        |                            |                              |                         |
| Meðaltal 2004-2008       | 102%                       | 72%                          | 48%                     |
| Meðaltal 2011-2014       | 108%                       | 68%                          | 52%                     |
| <b>Suðurland</b>         |                            |                              |                         |
| Meðaltal 2004-2008       | 101%                       | 72%                          | 70%                     |
| Meðaltal 2011-2014       | 107%                       | 82%                          | 76%                     |

*Heimild: Útreikningar höfunda byggðir á gögnum Fiskistofu og Hagstofu Íslands*


Þegar ofangreind gögn voru flokkuð eftir hefðbundinni landshlutaskiptingu Hagstofunnar (Tafla 9), kom í ljós hvað höfuðborgarsvæðið er gríðarlega öflugt í vinnslu. Þar er unnið rúmlega tvöfalt það magn sem aflaheimildir á svæðinu segja til um. Vesturland er hins vegar veikast í vinnslu en hefur sótt í sig veðrið. Vesturland var þó eitthvað sterkara að þessu leyti en Snæfellsnesið eitt og sér sem bendir til þess að tölurnar fyrir Akranes hafi verið hagstæðari hvað vinnslu varðar en tölur Snæfellsnes. Svo snýst þetta við á seinna tímabilinu. Þá sést líka að hafnir á Austurlandi standa mun verr en hafnir á Norðurlandi þar sem þær féllu að mestu leyti í flokkinn „aðrar hafnir“ í fyrri töflunni. Þá má sjá að vinnsla á Norðurlandi eystra í heild er hlutfallslega mun minni en á Akureyri og hefur munurinn aukist á tímabilinu.

Tafla 10. Breyting á vinnslu og heildaraflamarki landsvæða á milli 2004-2008 og 2011-2014.


| Landsvæði         | Vinnsla | Heildaraflamark |
|-------------------|---------|-----------------|
| Höfuðborgarsvæðið | 14.974  | -8.307          |
| Suðurnes          | -9.014  | -13.883         |
| Vesturland        | -268    | -8.729          |
| Vestfirðir        | -4.749  | -3.191          |
| Norðurland vestra | -4.171  | -3.745          |
| Norðurland eystra | -13.907 | -10.557         |
| Austurland        | -3.526  | -3.229          |
| Suðurland         | -5.216  | -12.663         |

*Heimild: Útreikningar höfunda byggðir á gögnum Fiskistofu og Hagstofu Íslands. Tölur í tonnum að jafnaði árlega. Í aflahlutdeildum, pottum o.fl. eru veiðum á erlendum hafsvæðum og innflutningi á hráefni bætt við.*


Samkvæmt þessari landshlutaskiptingu eykst vinnsla eingöngu á höfuðborgarsvæðinu í tonnum talið en aflahlutdeildir dragast alls staðar saman (Tafla 10).




Mynd 9. Vinnsluhlutfall aflaheimilda eftir höfnum árin 2004-2008




Mynd 10. Vinnsluhlutfall aflaheimilda eftir höfnum árin 2011-2014




Mynd 11. Vinnsluhlutfall landana eftir höfnum árin 2004-2008



Mynd 12. Vinnsluhlutfall landana eftir höfnum árin 2011-2014



Mynd 13. Veiðihlutfall aflaheimilda eftir höfnum árin 2004-2008



**Mynd 14. Veiðihlutfall aflaheimilda eftir höfnum árin 2011-2014**

Til nánari glöggvunar voru þessi hlutföll sett inn á landakort. Þá kemur í stórum dráttum fram sama mynstur og lýst hefur verið áður, þ.e. að stór-höfuðborgar- og Eyjafjarðarsvæðið eða mið-Norðurland eru öflugust í vinnslu botnfisks- og flatfiskstegunda. Einna skýrast sést þetta mynstur í vinnsluhlutfalli landana og landfræðilegur mismunur milli svæða hefur aukist talsvert milli tímabilanna 2004-08 og 2011-14 (Mynd 11 og Mynd 12). Stór-höfuðborgarsvæðið hefur aukið áberandi við sig og í öllum höfnum á því svæði er unnið meira og stundum mun meira en sem samsvarar aflaheimildum eða löndunum. Einnig má sjá að hafnir á austanverðu landinu missa spón úr aski sínum. Hins vegar virðist hlutfall veiða miðað við aflahlutdeild vera mun jafnara á milli hafna eftir landshlutum en er þó heldur á þann veginn að Vesturland, Vestfirðir og Norðurland eru sterkari en aðrir landshlutar í veiðum þessara tegunda. Þó er eins og forskot þessara landshluta minnki eitthvað og að minni munur verði á milli hafna (Mynd 13 og Mynd 14).

## 7.2. MEGIN NIÐURSTÖÐUR - AÐHVARFSGREINING

Greining leiðir eftirfarandi í ljós og gefur eftirfarandi niðurstöður (Tafla 11). Birtir stuðlar hér eru eingöngu þeir sem reyndust marktækir í greiningunni. Fulla útlistun á stuðlum er hins vegar að finna í viðauka 2 – þ.e. stærð ómarktækra stuðla og sú krafa um marktækni sem

þeir marktæku stóðust.<sup>30</sup> Neikvæð áhrif eru hér tilgreind með rauðum stöfum og mínus merki.

**Tafla 11. Jaðaráhrif pottanna brotin upp eftir svæðum og framleiðslustigum**

| Pottar / framleiðslustig    | Allar hafnir | Markhópur SB | Snæfellsnes | Vestfirðir | Stórhöfuðborgarsvæðið | Aðrar hafnir |
|-----------------------------|--------------|--------------|-------------|------------|-----------------------|--------------|
| <b>Sértækur byggðakvóti</b> |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      |              |              |             |            |                       |              |
| Löndun                      | 0,02         |              |             |            |                       |              |
| Vinnsla                     | 0,05         | 0,07         |             |            |                       |              |
| <b>Almennt aflamark</b>     |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 0,76         | 0,68         | 1,00        | 0,88       | 0,94                  | 0,64         |
| Löndun                      | 0,61         | 0,57         | 0,91        | 1,07       | 0,78                  | 0,72         |
| Vinnsla                     | 0,66         | 0,51         | 0,41        | 1,60       | 0,23                  | 0,75         |
| <b>Línuvílnun</b>           |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 0,04         |              | 0,02        |            | 0,05                  | 0,05         |
| Löndun                      | 0,08         | 0,07         |             | -0,18      | 0,25                  |              |
| Vinnsla                     | 0,08         |              | -0,14       | 0,17       | 0,06                  | 0,14         |
| <b>Almennur byggðakvóti</b> |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      |              |              |             | 0,11       |                       |              |
| Löndun                      |              |              |             | 0,19       |                       |              |
| Vinnsla                     |              |              | 0,05        |            |                       |              |
| <b>Skelbaetur</b>           |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 0,03         |              | -0,02       | 0,03       |                       | 0,05         |
| Löndun                      | 0,03         |              | -0,15       | 0,12       |                       | 0,08         |
| Vinnsla                     |              |              | 0,03        | -0,79      |                       |              |
| <b>Strandveiði</b>          |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 0,04         | 0,05         |             | 0,07       |                       | 0,04         |
| Löndun                      | 0,02         | 0,05         |             | 0,14       |                       |              |
| Vinnsla                     |              |              |             |            |                       |              |

*Heimild: Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar*

Niðurstöðurnar voru fyrst settar fram þannig að jaðaráhrif pottanna og almenna aflamarksins (og krókaflamarksins) voru metin fyrir allar hafnir og síðan fyrir valdar hafnir – þ.e. markhóp SB, Snæfellsnes, Vestfirði, stór-höfuðborgarsvæðið og allar aðrar hafnir. Þá voru jaðaráhrifin brotin upp eftir framleiðslustigunum; veiðar, löndun og vinnsla.

<sup>30</sup> Engin sjálffylgni eða marglínuleiki voru til staðar í þessum niðurstöðum. Þá var robust líkan metið í öllum til að draga úr og fjarlægja neikvæð áhrif misdreifin.

Stuðlarnir segja til um hvað 1% breyting veiðiheimilda í almenna aflamarkinu eða pottunum skilar sér í miklum veiðum hlutfallslega, löndun eða vinnslu á viðkomandi svæðum á því tímabili sem liggur til grundvallar, árin 2003-2014.

Fyrst er rétt að beina athyglinni að jaðaráhrifum heildarkvóta (almenna aflamarkið).

Samkvæmt því kemur í ljós að stuðullinn fyrir allar hafnir er 0,8. Það þýðir í raun að ef veiðiheimildir í almenna aflamarksinu eru auknar um 1% eykst veiðin að jafnaði um 0,76% á öllum höfnum. Hins vegar skilar þetta viðbótarprósent ekki nema 0,61% til löndunar við hafnir landsins að jafnaði og 0,66% til vinnslu<sup>31</sup> viðkomandi byggða.

Þegar hvert landsvæði er skoðað á þennan hátt og þau borin saman innbyrðis sést að Markhópur SB þ.e. veikustu sjávarbyggðirnar eru veikastar í veiðum ásamt öðrum höfnum þar sem þar er ekki veitt nema 0,64% og 0,68% af hverju prósenti sem almenna aflamarkið eykst um. Athygli vekur að niðurstöða fyrir Snæfellsnes og stór-höfuðborgarsvæðið er þó ein sí besta á landinu. Þar veiðist 1% og 0,94% af 1% viðbót í almenna aflamarki landshlutanna.

Stuðullinn fyrir vinnslu skiptir miklu/mestu máli er varðar byggðafestuáhrif atvinnugreinarinnar. Á niðurstöðunum sést að hann er á bilinu 0,23-1,60 allt eftir því hvar á landinu hann kemur. Flestir stuðlanna eru nú rökréttir þar sem 40-75% af almennu aflmarki eru unninn „á jaðrinum“ en tveir þeirra koma verulega á óvart og þarfnaðast sérstakrar útskýringar. Það eru stuðlarnir fyrir stór-höfuðborgarsvæðið og Vestfirði. Á stór-höfuðborgarsvæðinu er verið að vinna miklu meira en kvóti er til fyrir og því von að hann væri hærri en 1. Á Vestfjörðum er þessu hins vegar öfugt farið og því búist við gagnstæðri niðurstöðu. Fjallað verður sérstaklega um þessa two stuðla seinna í greiningunni (kafli 7.3). Þess skal þó getið að til Vestfjarða teljast eingöngu vestfirskar hafnir sem ekki tilheyra Markhópi SB (Tafla 23). Þess utan skal bent á þá staðreynd að stuðullinn virkar í báðar áttir. Ef Vestfirðir tapa veiðiheimildum þá tapar vinnslan rúmlega 2% þegar almennar veiðiheimildir dragast saman um 1% og á tímabilinu sem horft er til dróst almenna aflamarkið saman á miðunum við Ísland árin 2004-2010 en hafa aukist lítið eitt eftir það (Mynd 8). Þá skal einnig bent á það að þrátt fyrir þessi sterku jaðaráhrif voru Vestfirðingar að vinna u.p.b. 73% árin 2004-2008 en 69% árin 2011-2014 þannig að eitthvað hafa þeir unnið til baka það sem dróst saman á fyrra tímabilinu eins og stuðullinn 1,6 bendir til.

<sup>31</sup> Ónákvæmni er í gögnunum yfir vinnslu. Vegna þessa var unnin upp sérstök talnaröð hjá Hagstofunni sem átti að draga úr henni. Keyrsla á þeim breytti ekki heildarniðurstöðu þessarar greiningar.

Snæfellingar veiða það sama (1 prósentustig af hverju prósentí) og þeir fá úthlutað. Svipuð er niðustaðan fyrir löndun en eingöngu 0,41 pósentustig eru unnin af hverju prósentí sem bætist við. Það rennir stoðum undir það hvað mikil áhersla er lögð á veiðar á Snæfellsnesi. Það getur verið hægt að útskýra með því hvað smábátaútgerð er öflug á Snæfellsnesi sem og nálægð við höfuðborgarsvæðið þar sem fiskverkendur á höfuðborgarsvæðinu kaupa fyrst af nálægum fiskmörkuðum vegna flutningskostnaðar.

Til þess að átta sig á því hvaða pottur er að skila mestum árangri/jaðarávinnings voru reiknuð meðaltals jaðaráhrif fyrir hvern pott innan hvers framleiðslustigs (Tafla 12, dálkur A) og talinn fjöldi jákvæðra jaðaráhrifa (Tafla 12, dálkur B) og fjöldi neikvæðra (Tafla 12, dálkur C) og unnin einkunn (Tafla 12, dálkur D) sem var margfeldi meðaltalsins og fjölda jákvæðra jaðaráhrifa að frádregnu margfeldi meðaltalsins og fjölda neikvæðra jaðaráhrifa ( $D = A \times B - A \times C$ ). Þá kom í ljós að strandveiðin var sterkust í veiðum, línuvílnun í vinnslu (Tafla 12).

**Tafla 12. Áhrifaríkasti potturinn**

| Framleiðslustig / pottar     | A<br>Meðal<br>jaðaráhrif | B<br>Fjöldi<br>jákvæðra<br>niðurstaðna<br>vegið % | C<br>Fjöldi<br>neikvæðra<br>niðurstaðna<br>vegið % | D<br>Heildarstig<br>$D = A \times B - A \times C$ |
|------------------------------|--------------------------|---|--|---|
| <b>Sértækur byggðarkvóti</b> | <b>0,07</b>              |   |  |   |
| Veiðar                       |                          |   |  |   |
| Löndun                       |                          |   |  |   |
| Vinnsla                      | 0,07                     | 1   |  | 0,09  |
| <b>Línuvílnun</b>            |                          |   |  | <b>0,26</b>                                       |
| Veiðar                       | 0,04                     | 3   |  | 0,12  |
| Löndun                       | 0,05                     | 2   | 1  | 0,05  |
| Vinnsla                      | 0,06                     | 3   | 1  | 0,12  |
| <b>Almennur byggðakvóti</b>  |                          |   |  | <b>0,22</b>                                       |
| Veiðar                       | 0,11                     | 1   |  | 0,11  |
| Löndun                       | 0,19                     | 1   |  | 0,19  |
| Vinnsla                      | 0,05                     | 1   |  | 0,05  |
| <b>Skelbaetur</b>            |                          |   |  | <b>0,02</b>                                       |
| Veiðar                       | 0,02                     | 2   | 1  | 0,02  |
| Löndun                       | 0,02                     | 2   | 1  | 0,02  |
| Vinnsla                      | -0,38                    | 1   | 1  | -   |
| <b>Strandveiði</b>           |                          |   |  | <b>0,23</b>                                       |
| Veiðar                       | 0,05                     | 3   |  | 0,16  |
| Löndun                       | 0,10                     | 2   |  | 0,19  |
| Vinnsla                      |                          |   |  |   |

Heimild: Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar

Síðan var reiknuð út heildareinkunn fyrir hvern pott (feitletruð tala) og þá kom í ljós að línuvílnun var atkvæðamest, þá strandveiðin og almenni byggðakvótinn nánast jafnir í 2.-3. sæti og loks skelbætur. Þessi einkunn er þó hvergi hafin yfir gagnrýni. Sem dæmi var þriðjungur af einkunninni fyrir löndun reiknaður í heildareinkunn þar sem það mætti segja að hún skipti að einhverju leyti minna máli fyrir staðina og atvinnusköpun þar en bæði veiðar og vinnsla<sup>32</sup>.

Hins vegar má líka segja að ef áhrifin á vinnslustigið eru eftirsóknarverðust hafi línuvílnun vinninginn, en strandveiðarnar ef áhrif á veiðarnar eru eftirsóknarverðastar<sup>33</sup> og línuvílnun í öðru sæti (Tafla 12).

Það er hins vegar áhugavert að velta áfram fyrir sér hvaða pottur hefur mestu byggðafestuáhrifin á hverju svæði (Tafla 11). Ef horft er á markhóp SB þá virðist línuvílnun og sértækur byggðakvóti koma þeim best. Athyglisvert er að sjá sértæka byggðakvótann mælast þar því mjög lítil reynsla er af honum er að finna í gögnunum. Hafa verður í huga að SB hafði ekki verið í gangi nema rúmt ár í þeim gögnum sem liggja til grundvallar greiningunni og því varla um nægjanlega reynslu að ræða til að mark sé á takandi – en góðs viti að hann mælist. Á Snæfellsnesi er almenni byggðakvótinn bestur að þessu leyti. Ef horft er á öll vinnslustig virðist almenni byggðakvótinn skila Vestfjörðum mestum byggðafestuáhrifum og síðan strandveiði. Stór-höfuðborgarsvæðið virðist eingöngu njóta línuvílnunar. Aðrar hafnar (Norðurland og Austurland) njóta mestu byggðafestuáhrifa af línuvílnuninni og síðan hafa skelbæturnar næst mestu áhrifin.

Ef greiningin er brotin upp með ofangreindum hætti má taka hana saman og segja að frá sjónarhlí landsvæðanna (Tafla 11, lóðréttur samanburður) nutu stór-höfuðborgarsvæðið, Norðurland og Austurland (aðrar hafnar) ásamt einangruðustu og viðkvæmustu sjávarbyggðunum (Markhópur SB) mestu byggðafestuáhrifanna af línuvílnun, en af almenna byggðakvótanum nutu Snæfellsnes og Vestfirðir að hluta (að frátöldum þeim sem flokkast sem markhópur SB) mestra byggðafestuáhrifa.

Frá sjónarhlí kerfanna (Tafla 11, láréttur samanburður) höfðu strandveiðarnar og almenni byggðakvótinn mestu byggðafestuáhrifin á Vestfirði, línuvílnunin á stór-höfuðborgarsvæðið en skelbæturnar á Norðurlandi og Austurlandi.

<sup>32</sup> Einkunn = Veiðistuðull + 1/3 × löndunarstuðull + Vinnslustuðull

<sup>33</sup> Sem eru reyndar mest á höfuðborgarsvæðinu.

Gerð var tilraun til að endurtaka greininguna sérstaklega með fixed effect áhrifum auk þess sem Tobit útgáfa var líka keyrð þar sem það átti við. Heilt yfir voru þær niðurstöður ekki eins trúverðugar og núverandi líkan m.a. að ákveðið tæknilegt vandamál kom upp í Tobit líkaninu en það leyst í endanlegu líkani með því að kasta út öllum 0-gildum í háðu breytunum.

### **7.3. MEGIN NIÐURSTÖÐUR – FREKARI RÝNI**

Tveir stuðlar vöktu athygli höfunda sértaklega í megin niðurstöðum. Það voru vinnslustuðlarnir 0,41 og 1,60 gagnvart almenna aflamarkinu. Strangt til tekið er túlkun þeirra þannig að ef almennt aflamark er aukið um 1% þá eykst vinsla um 0,41% á stórhöfuðborgarsvæðinu en 1,6% á Vestfjörðum. Hluti skýringarinnar fyrir Vestfirði hefur þegar komið fram en hér verður fjallað um stuðulinn 0,41 fyrir stór-höfuðborgarsvæðið. Það verður gert þannig að þær hafnir sem hafa tilheyrt stór-höfuðborgarsvæðinu verða metnar í nokkrum hópum en þó aldrei færri en tvær saman.

Horft var til nokkurra þátta er varðar flokkun hafnanna. Það var fjarlægð frá Leifsstöð, hvort stórútgerðir væri að finna á stöðunum og vægi sjávarútvegs á viðkomandi stað. Þegar þetta var gert kom í ljós að mikil breidd var í jaðaráhrifum almenna aflamarksins á vinnslu hafna á þessu svæði (Tafla 13)<sup>34</sup>. Jaðaráhrifin voru lang mest á stöðum sem voru fjærst Leifsstöð eins og Akranesi, Þorlákshöfn og Stokkseyri. Athygli vekur að Grindavík átti vel heima í þeim hópi þó svo það sé mun nær Leifsstöð. Í Grindavík eru hins vegar starfandi stór útgerðarfélög eins og á Akranesi.

**Tafla 13. Jaðaráhrif almenns aflamarks og pottanna á vinnslu innan stórhöfuðborgarsvæðisins**

| Almenna aflamarkið,<br>Pottar | Akranes, Þorlákshöfn,<br>Stokkseyri, Grindavík | Reykjavík og<br>Hafnarfjörður | Sandgerði, Garður og<br>Vogar | Keflavík og Njarðvík |
|-------------------------------|--|-------------------------------|-------------------------------|----------------------|
| Almenna aflamarkið            | 1,9  | 0,8                           | 1,1                           | 0,2                  |
| Línuvílnun                    |  | 0,1                           | 0,3                           | 0,3                  |
| Almenni byggðakvótinn         | 0,4  |                               |                               |                      |
| Skelbætur                     | -0,2   |                               | 0,3                           | -0,3                 |
| Strandveiði                   | 0,2  |                               | 0,2                           | -0,1                 |

<sup>34</sup> Í töflunni sést að aðeins 11 hafnir eru með í greiningunni en ekki 14 eins og sjá má í töflum yfir staði sem tilheyma floknum. Það er vegna þess að gögn yfir Hafnir, Kópavog og Eyrarbakka bentu til að sjávarútvegur væri ekki „heilsteypt“ atvinnugrein á þessum stöðum.

Stuðullinn er næststærstur í Sandgerði, Garði og Vogum upp á 1,1 þá í Reykjavík og Hafnarfirði 0,8 og lægstur er hann í Keflavík og Njarðvík 0,2. Þessi ólíku jaðaráhrif innan flokksins stórhöfuðborgarsvæðisins útskýrir hvers vegna stuðullinn upp á 0,41 varð svona lágur og bendir því til að einhver önnur flokkun hefði sennilega hentað betur fyrir landið en sú sem valin varð.


Þetta sést líka á því hvað stularnir fyrir pottana hækkuðu við ítarlegri sundurliðun eins og þessa hér (Tafla 13). Þeir hækkuðu úr því að vera á bilinu 0 til 0,06 (Tafla 11) í -0,3 í 0,4 (Tafla 13) auk þess sem fleiri pottar fóru að hafa marktæk áhrif. Heilt yfir virðist heildarniðurstaðan samt ekki breytast þar sem línuvílnunin hefur mestu áhrifin, almenni byggðakvótinn og strandveiðin í kjölfarið og síst skelbæturnar.

Þetta gefur því tilefni til að gleggri mynd hefði náðst með því að brjóta allt landið upp með öðrum hætti. Vegna tímaskorts verður það hins vegar ekki gert að þessu sinni – einkum og sér í lagi þar sem slík sundurliðun virðist ekki ætla að breyta jaðaráhrifum pottanna innbyrðis.

## 7.4. LÝSANDI GREINING

### SKELBÆTUR

Lýsandi greining hefst á því að borin verður saman þróun heildarveiða þeirra staða sem fengið hafa skelbætur á tímabilinu 2003-2014 og annarra sem ekkert hafa fengið. Sambærileg greining verður síðan gerð fyrir línuvílnun, strandveiðar, almenna- og sértæka byggðakvótann í köflunum hér á eftir. Tekið skal fram að skelbótastaðir eru allir þeir sem hafa fengið skelbætur í eitt ár eða fleiri á tímabilinu og eru skilgreindir sem slíkir allt tímabilið þó þeir hafi eingöngu fengið skelbætur á hluta þess. Einnig skal tekið fram að skelbæturnar fylgja skipum og teljast því stundum til staða sem eru hvergi nærri skeldýramiðum. Af 68 virkum útgerðarstöðum fóru skelbætur á 45 stað á tímabilinu, mest 12.886 tonn til Stykkishólms en næstmest til Grundarfjarðar 3.426 tonn - eða um helmingur bótna á þessa two staði.



**Mynd 15. Þróun veiða á stöðum sem hafa fengið skelbætur borið saman við aðra staði**

Þegar þróun veiða á botn- og flatfisktegundum á stöðum sem njóta skelbóta var borin saman við þróunina annars staðar (Tafla 18) kom í ljós að hún er mun hagstæðari hjá þeim fyrr-nefndu og við því að búast þar sem þær áttu að koma til móts við tap í skel- og rækjuveiðum en ekki er tekið tillit til þeirra talna í myndinni þar sem eingöngu eru notaðar tölur yfir botn- og flatfisktegundir eins og áður greindi. Að þessu leyti er þetta því vísbanding um að skelbæturnar hafi skilað einhverjum bótum. Reyndar dregur úr þessum mun eftir því sem líður á tímabilið.

Athygli vekur að þegar 10 stærstu skelbótastaðirnir<sup>35</sup> voru teknir sérstaklega út var þróunin harla lítið betri en annarra skelbótastaða – helst fyrri hluta tímabilsins. Þetta er á vissan hátt áfellisdómur því 10 stærstu skelbótastaðirnir fengu 78,2% allra bótanna.


Þá voru 7 staðir teknir sérstaklega út. Það voru þeir staðir sem munaði mest um bæturnar. Það voru allir þeir staðir sem bæturnar námu meira en 10% af kvóta staðanna úr almenna kerfinu<sup>36</sup>. Tveir staðir; Hól mavík og Eyrarbakki, voru nærrí þessum hópi með rúm 9% en annars voru allir aðrir staðir með um 4% og lægra. Þessir 7 staðir voru með um 49,7% allra bótanna á þessu tímabili. Þróun veiðanna var betri en þeirra staða sem ekki nutu skelbóta en

<sup>35</sup> Stykkishólmur, Grundarfjörður, Ísafjörður, Grindavík, Skagaströnd, Kópasker, Húsavík, Sauðárkrúkur, Raufarhöfn, Súðavík.

<sup>36</sup> Kópasker (34%), Stykkishólmur (22%), Hvammstangi (17%), Hofsós (15%), Súðavík (15%), Bíldudalur (15%), Drangsnes (11%).

sambærileg öðrum skelbótastöðum nema 2006-2008 þar sem hún var verri og 2010-2012 þar sem hún var betri.

Þróun í vinnslumagns á skelbótastöðum gefur hins vegar ekki til kynna að bæturnar hafi náð markmiði sínu nema kannski þrjú síðustu árin (Tafla 19).



**Mynd 16. Þróun vinnslu á stöðum sem hafa fengið skelbætur borið saman við aðra staði**

Það sést á því að þróunin er sú sama á skelbótastöðnum og annars staðar en hefði þurft að vera eitthvað hagstæðari til þess að hægt væri telja bæturnar hafa komið til móts við samdrátt í vinnslu á skel og rækju, þ.e.a.s. öðrum tegundum en bæturnar eru veittar í, og eins og áður var getið er slíkt hráefni yfirleitt unnið þar sem því er landað vegna eiginleika þess<sup>37</sup>.

Þegar 10 stærstu skelbótastaðir voru teknir út sérstaklega var þróunin heldur hagstæðari en þróunin fór að verða verulega mun hagstæðari þegar þeir staðir voru teknir sérstaklega út sem munaði mest um bæturnar. Þetta gefur vísbindingu um að þeir staðir séu líklegastir til að nýta bæturnar sér til hagsbóta. Fyrr var sýnt fram á það að veiðin hefði ekki komið neitt mikið betur út hjá þessum hópi en hjá honum fór vinnslumagnið úr því að vera 25-30% af veiddum afla árin 2003-2006 í að vera á bilinu 59-87% árin 2007-2014.

Til að átta sig á „mögulega“ staðbundnu mikilvægi skelbóta var hlutdeild þeirra í hverri höfn reiknuð í heildaraflamarki þeirra (Tafla 14).

<sup>37</sup> Þ.e. minnkun í rúmmáli og þyngd sem á sér stað í vinnsluferlinu sem lækkar flutningskostnað mikið.

Tafla 14. Hlutdeild skelbóta í heildaraflamarki staðanna árin 2004-2014

| Höfn                 | 2004  | 2005  | 2006  | 2007  | 2008  | 2009  | 2010  | 2011  | 2012  | 2013  | 2014  |
|----------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Akranes              | 0,2%  |       |       | 0,3%  | 0,3%  | 0,3%  | 0,3%  | 0,1%  | 0,1%  | 0,1%  | 0,1%  |
| Arnarstapi           |       |       |       |       |       |       |       |       |       | 0,4%  |       |
| Bíldudalur           |       | 2,6%  | 19,8% | 54,5% | 35,7% | 3,0%  | 29,8% | 14,7% | 20,5% | 5,5%  | 55,5% |
| Bolungarvík          | 1,9%  | 0,7%  | 0,7%  | 0,6%  | 0,5%  | 0,5%  | 1,0%  | 0,4%  |       | 0,1%  |       |
| Borgarfjörður eystri |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       | 4,6%  |
| Brjánslækur          |       |       |       |       |       |       |       | 5,1%  |       |       |       |
| Dalvík               |       |       |       |       |       |       |       |       |       | 0,4%  |       |
| Drangsnes            | 10,0% | 9,4%  | 13,4% | 10,3% | 9,9%  | 7,8%  | 6,8%  | 3,3%  | 13,2% | 10,2% | 10,6% |
| Eyrarbakki           |       | 10,1% | 19,7% | 20,7% | 20,3% | 12,7% | 7,0%  | 3,6%  | 5,9%  | 16,8% | 26,1% |
| Flateyri             |       |       | 1,3%  |       |       |       |       |       |       | 3,8%  |       |
| Garður               | 1,1%  | 0,5%  | 0,5%  | 0,1%  | 0,1%  | 0,1%  | 0,1%  |       | 0,1%  | 0,1%  |       |
| Grenivík             |       |       |       |       |       |       |       |       | 0,1%  | 0,3%  |       |
| Grindavík            | 0,5%  | 0,3%  | 0,5%  | 0,4%  | 0,4%  | 0,2%  | 0,2%  | 0,2%  | 0,2%  |       |       |
| Grímsey              |       | 0,9%  | 0,9%  | 1,1%  | 1,2%  | 1,2%  | 1,1%  | 0,5%  | 0,9%  | 1,0%  | 0,9%  |
| Grundarfjörður       | 3,2%  | 2,3%  | 2,4%  | 2,3%  | 2,4%  | 2,5%  | 2,4%  | 1,2%  | 2,6%  | 3,1%  | 2,7%  |
| Hafnarfjörður        |       | 0,1%  |       |       |       |       |       |       |       |       |       |
| Hellissandur         |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |
| Hofsós               | 23,9% | 28,2% | 12,0% |       |       |       |       |       | 2,6%  | 4,9%  |       |
| Hornafjörður         |       |       |       |       |       |       |       |       |       | 0,1%  |       |
| Hólmavík             | 12,3% | 16,1% | 7,8%  | 4,0%  | 4,0%  | 3,5%  | 4,3%  | 2,2%  | 6,6%  | 14,2% | 2,3%  |
| Hrísey               |       |       |       |       |       |       |       |       | 5,7%  |       |       |
| Húsavík              | 4,9%  | 6,8%  | 4,2%  | 3,2%  | 1,1%  | 1,1%  | 1,1%  | 0,6%  | 1,0%  | 0,5%  | 3,5%  |
| Hvammstangi          | 20,5% | 20,5% | 40,9% | 12,9% | 11,7% | 10,3% | 12,8% | 6,2%  | 16,7% | 11,1% | 45,3% |
| Ísafjörður           | 5,4%  | 4,2%  | 4,9%  | 3,7%  | 3,6%  | 3,8%  | 4,0%  | 1,9%  | 0,2%  | 1,4%  | 0,9%  |
| Keflavík             | 0,7%  | 0,5%  | 0,5%  | 0,1%  | 0,2%  | 0,2%  | 0,2%  | 0,1%  | 0,2%  | 0,2%  |       |
| Kópasker             | 57,8% | 48,2% | 45,2% |       |       |       |       |       |       |       |       |
| Ólafsfjörður         | 0,4%  | 0,3%  |       |       |       |       |       |       |       |       |       |
| Ólafsvík             | 0,3%  | 0,2%  | 0,3%  | 0,3%  | 0,3%  | 1,3%  | 1,1%  | 0,1%  | 0,1%  |       | 0,1%  |
| Patreksfjörður       | 0,1%  | 0,1%  | 0,1%  |       | 1,1%  | 0,1%  |       |       |       |       |       |
| Raufarhöfn           |       |       |       | 13,5% | 16,0% | 16,0% | 16,1% | 7,2%  | 13,0% | 8,9%  | 14,2% |
| Reykjavík            |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |
| Rif                  | 0,2%  |       |       | 0,6%  | 0,4%  | 0,5%  | 0,5%  | 0,2%  |       | 0,1%  |       |
| Sandgerði            |       | 1,1%  | 1,2%  |       |       |       |       |       |       |       |       |
| Sauðárkrúkur         | 1,2%  | 0,6%  | 0,9%  | 0,9%  | 0,8%  | 0,8%  | 0,6%  | 0,4%  | 0,8%  | 0,9%  | 0,7%  |
| Siglufjörður         |       |       |       |       |       | 0,8%  | 0,7%  | 0,3%  | 0,1%  | 0,1%  |       |
| Skagaströnd          | 1,5%  | 0,9%  | 1,7%  | 0,7%  | 0,7%  | 0,8%  | 0,9%  | 0,4%  | 0,7%  | 1,6%  | 1,6%  |
| Stykkishólmur        | 26,3% | 24,4% | 26,4% | 21,1% | 20,5% | 19,4% | 19,5% | 9,4%  | 16,8% | 17,5% | 16,5% |
| Suðureyri            |       |       |       |       |       |       |       |       | 1,0%  | 0,1%  |       |
| Súðavík              | 17,6% | 14,6% | 12,8% | 14,7% | 20,1% | 40,6% |       |       |       | 26,5% |       |
| Tálknafjörður        |       |       |       |       |       |       |       |       | 0,6%  | 0,1%  |       |
| Vestmannaeyjar       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |
| Vopnafjörður         |       |       |       |       |       |       |       |       |       | 69,4% |       |
| Þingeyri             |       |       |       |       | 1,3%  | 0,1%  | 0,7%  | 0,2%  | 1,3%  | 0,1%  | 9,6%  |
| Þorlákshöfn          |       |       |       |       |       |       |       |       |       | 0,2%  |       |
| Þórshöfn             |       |       |       | 3,7%  | 3,7%  | 3,6%  | 3,3%  | 1,6%  | 2,7%  | 2,5%  | 1,6%  |

Heimild: Gagnagrunnur höfunda

Á grundvelli þessarar töflu var ákveðið að skoða þau tilfelli þar sem skelbæturnar vigta hvað mest og köllum þá Skelbótastaðina. Það eru Kópasker, Stykkishólmur, Súðavík, Bíldudalur, Drangsnes, Hólmavík, Eyrarbakki, Hofsós og Hvammstangi. Ef við bætum líka við að skilyrði fyrir nánari rýni sé að staðirnir þurfi að teljast til þeirra sem hafa fengið flestum tonnum skelbóta úthlutað á tímabilinu 2003-2014 eru það 27 staðir sem lenda í brennidepli (Tafla 15) og fyrrgreindu níu staðirnir standa feitletraðir í töflunni. Þess skal getið að 97% skelbótanna fóru til aðila á þessum 27 stöðum.

**Tafla 15. Uppsöfnuð úthlutun skelbóta árin 2003-2014 eftir heimahöfn skips ásamt leitni vinnslu og skelbóta**

| Höfn                 | Hafnarnr. | Tonn   | % landið | % staður | Leitni <sup>38</sup> |
|----------------------|-----------|--------|----------|----------|----------------------|
| <b>Stykkishólmur</b> | 47        | 12.886 | 37,1%    | 21,5%    | -4,3                 |
| Grundarfjörður       | 45        | 3.426  | 9,9%     | 2,6%     | -11,2                |
| Ísafjörður           | 73        | 2.933  | 8,5%     | 3,2%     | -8,8                 |
| Grindavík            | 13        | 1.394  | 4,0%     | 0,3%     | -55,1                |
| Skagaströnd          | 87        | 1.309  | 3,8%     | 1,1%     | "-EM"                |
| <b>Kópasker</b>      | 117       | 1.250  | 3,6%     | 34,2%    | -0,9                 |
| Húsavík              | 115       | 1.121  | 3,2%     | 2,3%     | 19,4                 |
| Sauðárkrúkur         | 89        | 1.009  | 2,9%     | 0,8%     | -77,3                |
| Raufarhöfn           | 119       | 957    | 2,8%     | 4,3%     | "+EM"                |
| <b>Súðavík</b>       | 75        | 861    | 2,5%     | 15,5%    | -6,9                 |
| Bíldudalur           | 61        | 842    | 2,4%     | 14,6%    | "- EM"               |
| Drangsnes            | 79        | 810    | 2,3%     | 10,7%    | "- EM"               |
| Hólmavík             | 81        | 762    | 2,2%     | 9,7%     | -1,7                 |
| Eyrarbakki           | 7         | 542    | 1,6%     | 9,6%     | -3,9                 |
| Bolungarvík          | 69        | 476    | 1,4%     | 0,5%     | 43,6                 |
| Pórshöfn             | 121       | 428    | 1,2%     | 1,8%     | 13,7                 |
| Garður               | 19        | 360    | 1,0%     | 0,3%     | 33,6                 |
| Akranes              | 35        | 322    | 0,9%     | 0,1%     | "+ EM"               |
| <b>Hofsós</b>        | 91        | 303    | 0,9%     | 15,5%    | "+ EM"               |
| <b>Hvammstangi</b>   | 83        | 287    | 0,8%     | 17,4%    | "+ EM"               |
| Rif                  | 42        | 281    | 0,8%     | 0,2%     | "+ EM"               |
| Grímsey              | 97        | 276    | 0,8%     | 0,8%     | -28,8                |
| Keflavík             | 21        | 244    | 0,7%     | 0,4%     | "- EM"               |
| Ólafsvík             | 43        | 228    | 0,7%     | 0,3%     | "+ EM"               |
| Vopnafjörður         | 125       | 153    | 0,4%     | 0,7%     | "+ EM"               |
| Þingeyri             | 63        | 137    | 0,4%     | 0,5%     | "+ EM"               |
| Ólafsfjörður         | 95        | 106    | 0,3%     | 0,1%     | "- EM"               |

<sup>38</sup> E. trend, sh. langtímaþróun eða hneigð. +/- EM þýðir að leitnin er ekki tölfraðilega marktæk en formerkið sýnir í hvora áttina þróunin var.


Ákveðið var að skoða einfalt aðhvarfsgreiningarlíkan og leitni gagnanna á hverjum stað<sup>39</sup>. Þó það sé ekki dæmigert fyrir lýsandi greiningar gefur hún sömu upplýsingar og punktaritin (Mynd 21) en sparar mikið pláss og því valið hér þar sem um marga staði var að ræða. Á þessu sést að leitnin á milli vinnslu og skelbóta var neikvæð á 15 stöðum, þar af marktæk á 10 þeirra. Þá var leitnin jákvæð á 11 stöðum en marktæk á eingöngu 4 þeirra. Á þessu sést að neikvæða leitnin ber þá jákvæðu ofurliði sem er ekki góður vitnisburður fyrir skelbæturnar.

Mynd 18 sýnir landfræðilega dreifingu sérstakrar úthlutunar í þorskígildistonnum eftir svæðum til báta sem hafa aflahlutdeild í innfjarðarækju fiskveiðíárin 2003/2004-2013/2014 samkvæmt reglugerðum þar um sem gefnar eru út af ráðuneytinu árlega á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða<sup>40</sup>. Á þessu tímabili hefur mestu magni verið úthlutað til báta við Ísafjarðardjúp eða rúmlega 4.000 tonnum á tímabilinu, mest 634 þorskígildistonnum fiskveiðíárið 2004/2005. Þá hefur talsverðu magni verið veitt til báta á svæðinu frá Húnaflóa til Öxarfjarðar. Ennfremur hefur mun minna magni verið úthlutað til báta á Eldeyjarsvæði, við norðanverðan Breiðafjörð og í Arnarfirði eða á bilinu 14-25 þorskígildistonn síðustu árin.


Mynd 19 sýnir landfræðilega dreifingu sérstakrar úthlutunar í þorskígildistonnum eftir svæðum til báta sem hafa aflahlutdeild í hörpudiski fiskveiðíárin 2003/2004-2013/2014 samkvæmt reglugerðum þar um sem gefnar eru út árlega. Á þessu tímabili hefur langmestu magni verið úthlutað til báta við Breiðafjörð eða um 12.800 tonnum á tímabilinu, mest 2.050 þorskígildistonnum fiskveiðíárið 2003/2004. Önnur svæði sem fengið hafa úthlutað samkvæmt reglugerðunum eru Húnaflói, Hvalfjörður, Ísafjörður og Arnarfjörður en það er hverfandi magn í samanburði við Breiðafjörð eða á bilinu 8-40 tonn síðasta fiskveiðíárið sem hér var skoðað. Ekki hefur verið úthlutað samkvæmt þessum reglugerðum til Ísafjarðardjúps síðan fiskveiðíárið 2004/2005.

<sup>39</sup> Líkanið var sérstök háð breyta þar sem heildaraflamark að skelbótunum undanskylldum ásamt afla veiddum í erlendum lögsögum og innflutum afla af erlendum skipum voru dregnar frá vinnslu staðarins, kallað Y. Eingöngu voru talðar botn- og flatfisktegundir. Síðan var notuð ein óháð breyta sem var skelbætur báta brotnar upp eftir heimahöfn þeirra, kallað X. Aðhvarfsgreiningarlíkanið var því  $Y = \alpha + \beta X + \varepsilon_i$ . Galli mælingarinnar var hins vegar sá að aðeins var um mjög fáar athuganir að ræða fyrir hvern stað og því aðeins um mjög grófar vísbendingar að ræða. Vísbendingarnar eru samt hjálplegar við að sjá hvaða munstur er í gögnunum sambærilegt því sem kemur fram í Mynd 21. Ekki var prófað fyrir misdreifni eða sjálffylgni.


<sup>40</sup> Það virðist geta komið fram eitthvert misräemi á milli þess sem á að úthluta til svæðanna skv. reglugerðum og þess sem úthlutað er í raun.



Mynd 17. Skelbætur og vinnsla botn- og flatfisktegunda á skelbótastöðunum níu.



Mynd 18. Sérstök úthlutun í þorskigildistönum eftir svæðum til báta sem hafa aflahlutdeild í innfjarðarækju fiskveiðíarín 2003/2004-2013/2014 samkvæmt reglugerðum þar um sem gefnar eru út árlega.



**Mynd 19. Sérstök úthlutun í þorskígildistönum eftir svæðum til báta sem hafa aflahlutdeild í hörpudiski fiskveiðíárin 2003/2004-2013/2014 samkvæmt reglugerðum þar um sem gefnar eru út árlega.**

Það er óverulegt ósamræmi milli þess landfræðilega mynsturs sem kortin sýna (Mynd 18 og Mynd 19) og þess sem fram kemur í töflunum um umfang rækju- og skelbóta þeirra skipa sem skráð eru í viðkomandi höfnum (Tafla 14 og Tafla 15). Það getur stafað af því að eitthvert misræmi virðist geta verið milli þess sem árlegar reglugerðir kveða á um og þess sem úthlutað er í raun.

Þar sem Stykkishólmur trónir á toppnum bæði hvað varðar heildarúthlutun á tímabilinu (Mynd 19) og vægi skelbótanna í heildaraflamarki staðanna var ákveðið að kafa ofan í þeirra tölur og leita frekari skýringa.


## STYKKISHÓLMUR

Skelbótum var fyrst úthlutað vegna stöðu hörpuskeljastofnsins í Breiðafirði á fiskveiðíárinu 2002/2003. Það voru 400 þorskígildistönn (sjá reglugerð 601/2002). Skip frá Stykkishólmi og Grundarfirði höfðu heimildir til veiða í stofninum og var hlutur Grundfirskra 21,44% (Tafla 16) og þess vegna fengu Hólmarar 314 tonn í sinn hlut.

Tafla 16. Hlutdeild skipa, útgerða og staða í hörpuskeljaveiðum í Breiðafirði árið 2001/2002

| Skip                 | Heimahöfn      | Eigandi              | Hlutdeild   |
|----------------------|----------------|----------------------|-------------|
| Grettir              | Stykkishólmur  | Sæfell hf            | 7,96%       |
| Þórsnes              | Stykkishólmur  | Þórsnes ehf          | 12,21%      |
| Bjarni Svein         | Stykkishólmur  | Þórsnes ehf          | 8,74%       |
| Haukaberg            | Grundarfjörður | Hjálmar Gunnarsson   | 4,29%       |
| Þórsnes II           | Stykkishólmur  | Þórsnes ehf          | 13,03%      |
| Klakkur              | Grundarfjörður | FISK-Seafood ehf.    | 12,87%      |
| Farsæll              | Grundarfjörður | Farsæll ehf          | 4,29%       |
| Kristinn Friðriksson | Stykkishólmur  | Agustson ehf         | 32,78%      |
| Gísli Gunnarsson II  | Stykkishólmur  | Gísli Gunnarsson ehf | 3,85%       |
| <b>Samtals</b>       |                |                      | <b>100%</b> |

Fjögur fyrirtæki gerðu út á skelveyiðar þegar hrunið dundi yfir: Þórsnes ehf., Sigurður Ágústsson ehf., Sæfell hf. og Gísli Gunnarsson ehf. Þórsnes gerði út þrjá báta en hinir einn bát hver. Þórsnes og Sigurður Ágústsson voru lang stærstir í þessum veiðum með um þriðjung af öllum heimildum hvor um sig.




Mynd 20: Aflaverðmæti í Stykkishólmi 1992-2014, þús. kr. Tölur Hagstofu Íslands.

Þegar tölur yfir aflaverðmæti voru skoðuð (Mynd 20) sést hversu mikið höggið var efnahagslega í Stykkishólmi þegar veiðar á hörpuskelveiðum voru stöðvaðar og hvernig aflaverðmætið og þar af leiðandi veiðarnar færast yfir í botnfisktegundir og skelbæturnar studdu við þessa þróun. Á þessari mynd sést líka að Hólmarar sérhæfðu sig í vinnslu og veiðum á skel (Hörpuskel) fyrir hrunið en aflaverðmæti var nánast ekkert í botnfiski eða öðrum fisktegundum. Hitt sést líka að eftir að skelveyiðarnar fara að gefa eftir hefja útgerðaraðilar í

Stykkishólmi veiðar á botnfisktegundum (1998) með kaupum og/eða leigu á slíkum heimildum og voru því þegar komnir á nokkurt „flug“ þegar hrún stofnsins var staðfest árið 2002 og veiðarnar stöðvaðar.

Neikvæða leitni Stykkishólms sem kom fram hér áðan (Tafla 15) er að rekja til gagnanna sem er að finna í næstu mynd.




Mynd 21: Framleiðsla í Stykkishólmi sem rakin er til skelbóta árin 2003-2014

Hér getur að líta skelbætur á x-ásnum (shell\_auy) en framleiðslumagn botnfisk- og flatfisktegunda á y-ásnum (xp) að frádegnum heildarkvóta, línuvílnun, strandveiðum og öðrum pottum sem snertu Stykkishólmi ásamt löndunum skipa sem veiddu á erlendum hafsvæðum og innflutningi á erlendum afla ef einhver var. Samkvæmt þessu dregur úr fiskvinnslu í Stykkishólmi ef skelbætur aukast.

Þegar þessar tölur eru skoðaðar í tímaröð kemur í ljós að það virðist dragast töluvert hvað skelbæturnar eru lengi að skila sér í aukinni vinnslu í botn- og flatfisktegundum. Fyrst var úthlutað bótum 2002/2003 en vinnslan í botn- og flatfisktegundum tekur ekki við sér fyrr en árið 2005 og í rauninni er hún ekki komin á það stig sem núna ríkir fyrr en árið 2007 – eða

um fimm árum eftir að skelbótunum var fyrst úthlutað<sup>41</sup>. Eftir það virðist vera meiri samhljómur með þróun ferla skelbóta og vinnslumagns. Tölfraðilega virðist það samt ekki vera nógum mikið til þess að vega upp sterkt neikvætt samband fyrri hluta tímabilsins.



Mynd 22: Skelbætur og vinnsla botn- og flatfisktegunda í Stykkishólmi

Á þessu sést að eftir 2007 hefur vinnsla haldist óflug að árinu 2010 undanskylldu. Skýring á þessu er sú að það tók Hólmara langan tíma að taka ákvarðanir og koma sér upp tækjum, búnaði og þekkingu til að hefja vinnslu botnfisktegundum í stað vinnslu á skelfiski. Þetta er skiljanlegt þegar horft er til þess hvað veiðar og vinnsla í Stykkishólmi voru litlar fyrir hrun Hörpuskeljastofnsins, skuldsetning var væntanlega mikil út af kaupum á veiðiheimildum í botnfisktegundum, óvissa var um framtíðina og efnahagslegi skellurinn mikill fyrir þessi fyrirtæki vegna hrunsins. Þetta ber líka að skoða í ljósi þess að hreyfanleiki bolfishs til vinnslu er mjög mikill af Snæfellsnesi vegna markaðsafla en alls ekki skeldýra, eins og áður hefur verið útskýrt<sup>42</sup>. Þetta kom fram í viðtali sem tekið var við einn útgerðaraðila í Stykkishólmi (Eggert Halldórsson, 5 febrúar 2016). Í viðtalini kom einnig fram (ásamt gögnum) að á meðan skelveyðarnar gengu vel hafi aflaheimildir í bolfishtegundum verið skertar til þessara útgerðaraðila.

<sup>41</sup> Reyndar kemur í ljós ef farið er yfir línumnar frá ári til árs að sambandið er eingöngu jákvætt (þróast í sömu átt hvort sem það er neikvæð eða jákvæð þróun) á milli áranna 2008 og 2010 sem og 2013 og 2014 eða þrjú ár af ellefu. Þannig að þó ferlarnir virðist fylgjast að seinnihluta tímabilsins á það bara við um þrjú ár af sex.


<sup>42</sup> Vegna yfirburðar samkeppnisforskots höfuðborgarsvæðisins í vinnslu margra fisktegunda er yfirleitt hagstæðara útgerðum á Snæfellsnesi að selja þeim aflann sinn á fiskmörkuðum en að verka hann sjálfir.

Áhugavert er nú að skoða veiði- og vinnsluhlutföllin í Stykkishólmi líkt og gert var fyrr í skýrslunni fyrir stærri landsvæði. Þá kemur í ljós að nánast allar veiðiheimildir skipa frá Stykkishólmi eru veiddar af skipum þaðan og fer úr 84% árin 2004-2008 í 92% 2011-2014.

#### Tafla 17. Veiði- og vinnsluhlutföll í Stykkishólmi


| Höfn / Hlutföll                    | Meðaltal 2004-2008 | Meðaltal 2011-2014 |
|------------------------------------|--------------------|--------------------|
| <b>Stykkishólmur</b>               |                    |                    |
| Veiðihlutfall heildaraflamarks     | 84%                | 92%                |
| Vinnsluhlutfall heildaraflamarks   | 45%                | 83%                |
| Vinnsluhlutfall landana            | 107%               | 193%               |
| Skelbótahlutfall almenns aflamarks | 24%                | 15%                |

Vinnsluhlutfall heildaraflamarks er aftur á móti 45% á fyrra tímabilinu en hafði aukist í 83% á seinna tímabilinu sem er mjög gott miðað við staðsetningu Stykkishólms. Vinnsluhlutfall landana var hins vegar 107% á fyrra tímabilinu en fór í 193% á seinna tímabilinu. Það þýðir að útgerðarmenn í Stykkishólmi eru að landa afla sínum á öðrum höfnum (líklega utar á Snæfellsnesinu, nær fengsælli fiskimiðum) og flytja hann síðan heim til vinnslu á seinna tímabilinu. Á fyrra tímabilinu er unnið úr nánast öllum (sbr. 16% slægingarhlutfall) botnfiski sem berst á höfnina í Stykkishólmi. Bent skal á að vinnsluhlutfall heildaraflamarks var 47% á fyrra tímabilinu á Snæfellsnesi öllu en 58% á seinna tímabilinu (Tafla 7). Þetta er athyglisvert þegar horft er til staðsetningar Stykkishólms og þeirra markaðsafla sem Snæfellingar búa við og áður hefur verið nefnt.



Mynd 23. Þróun veiða og skelbóta í Stykkishólmi

Frá 2003 hefur þróun veiða skipa frá Stykkishólmi verið hlutfallslega hagstæðari en þróun skelbótanna nema helst árið 2013 (Mynd 23). Heilt yfir má þó segja að þróun ferlana fylgist nokkuð að sem staðfestist með aðhvarfsgreiningu þó marktækni hafi skort. Þessi samanburður ber skelbótunum í Stykkishólmi gott vitni því hann er vísbending fyrir því að útgerðaráðilar nái að nýta sér skelbæturnar til veiða almennt.



**Mynd 24. Þróun almennra veiðiheimilda í Stykkishólmi, skelbótastöðum og annars staðar**

Þegar þróun almennra veiðiheimilda var skoðuð í Stykkishólmi og borin saman við alla skelbótastaði og svo alla aðra staði (Mynd 24), kom í ljós að þróunin í Stykkishólmi er mjög svipuð og á öðrum skelbótastöðum en miklu hagstæðari en á þeim stöðum sem hafa alls ekki notið skelbóta. Þetta bendir til að útgerðir í Stykkishólmi eru ekki viljugri til að selja frá sér veiðiheimildir frekar en útgerðir á öðrum skelbótastöðum heldur miklu frekar byggja upp réttindi sín til veiða í botn- og flatfisktegundum. Almennar aflaheimildirnar drögust saman á landinu öllu á sama tíma (Mynd 8).

Ljóst má vera af þessari samantekt að skelbæturnar hafa hlíft Stykkishólmi við miklu efna-hagslegu hrungi þar sem að veiðarnar hafa skilað svipuðum aflaverðmætum og fyrir hrung hörpudiskstofnsins en eftir að kerfið fór í gang ótanum langan tíma að koma bolfiskvinnslu af stað en hefur verið nokkuð viðunandi eftir 2008 miðað við staðsetningu og markaðsöflin í þessari atvinnugrein þar sem vinnsluhlutfall heildaraflamarks er mun hærra en að jafnaði á Snæfellsnesi öllu. Neikvætt samband sem mældist á milli vinnslu í Stykkishólmi og skelbóta er að miklu leyti rakið til fyrri hluta tímabilsins þegar Hólmarar voru ekki búin að koma sér upp stórrri vinnslu fyrir botnfisk- og flatfisktegundir.

## VANGAVELTUR, UMRÆÐA OG ATHUGASEMDIR UM SKELBÆTUR


Ekki er óeðlilegt að skelbætur komi illa út úr samanburði sem þessum þar sem þær eru veittar í allt öðrum tegundum (en skel) og krefjast alveg nýrra fjárfestinga til þess að hægt sé að hefja veiðar og vinnslu á þeim auk þess sem alltaf stóð til að afnema þær í áföngum og þess vegna skiljanlegt að margir kjósi að leggja árar í bát. Þetta á sérstaklega við útgerðir og staði þar sem engin slík tækni og þekking var til fyrir eins og Stykkishólmur er gott dæmi um. Hinir pottarnir fóru gjarnan til útgerða og staða sem fyrir voru í veiðum og vinnslu í þeim tegundum (botnfishategundum) sem bæturnar voru veittar og því auðveldara að taka þá meðgjöf og nýta sér hana.

Þetta á sérstaklega við ef skelbæturnar náðu ekki að bæta viðkomandi útgerðum upp tapið sem þær urðu fyrir vegna hruns skeldýrastofnanna.

## SÉRTÆKUR BYGGÐAKVÓTI / AFLAMARK BYGGÐASTOFNUNAR


Þróun heildarveiða þeirra staða sem fengið hafa sértækan byggðakvóta frá Byggðastofnun (SB) rennir stoðum undir það að hann sé að ná markmiðum sínum þegar einblínt á breytinguna 2013 og 2014 (Mynd 25). Þetta má segja ef markmiðið er eingöngu að koma í veg fyrir að viðkomandi byggðarlög dragist aftur úr öðrum sjávarbyggðum við landið en varla ef markmiðið var að vinna upp forskot sem aðrar sjávarbyggðir hafa unnið á undangengnum tveimur til þremur síðustu áratugum þar sem vöxturinn er meiri hjá þeim sem fengið hafa sértækan byggðakvóta árið 2013 en annarra sjávarbyggða en samdrátturinn þess meiri árið 2014.

Þess skal þó getið að samkvæmt gögnunum, bæði yfir veiðar og vinnslu, verður ekki séð að þróunin sé hagstæðari hjá öðrum sjávarbyggðum en að jafnaði hjá þeim sem fengu sértækan byggðakvóta en gögnin ná nú ekki lengra aftur en til 2003.



**Mynd 25. Þróun veiða á stöðum sem hafa fengið sértækan byggðakvóta borið saman við aðra staði**

Þá má segja að niðurstaðan sé sama fyrir árangur sértæka byggðakvótans þegar horft er til vinnslu gagnanna (Mynd 26) – sértæki byggðakvótinn virðist virka ef markmiðið var að halda hlutum í horfinu, annars ekki.



**Mynd 26. Þróun vinnslu á stöðum sem hafa fengið sértækan byggðakvóta borið saman við aðra**

Sértæki byggðakvótinn skilaði hins vegar ekki marktækum niðurstöðum í stóru aðhvarfsgreiningunni eins og komið hefur fram og er það á margan hátt eðlilegt þar sem þetta verkefni hefur ekki verið í framkvæmd nema í tvö ár af þeim sem lágu til grundvallar

greiningunni – eða frá fiskveiðíarinu 2013/2014. Þess vegna er ágætt að skoða gögnin enn betur.

**Tafla 18. Veiði-, löndun, vinnsla og almennar aflaheimildir á stöðum sem fengu SB samning**

| Ár             | Almennt aflamark | Heildar-aflamark | Veiði         | Löndun         | Vinnsla       | Vinnsla_2     |
|----------------|------------------|------------------|---------------|----------------|---------------|---------------|
| 2011           | 13.357           | 18.813           | 19.076        | 20.407         | 17.017        | 17.606        |
| 2012           | 13.844           | 19.167           | 21.069        | 24.348         | 17.494        | 18.079        |
| 2013           | 17.567           | 24.576           | 23.488        | 29.979         | 18.733        | 19.059        |
| 2014           | 6.878            | 14.503           | 19.789        | 29.910         | 17.906        | 18.404        |
| <b>Samtals</b> | <b>51.645</b>    | <b>77.058</b>    | <b>83.422</b> | <b>104.644</b> | <b>71.150</b> | <b>73.148</b> |

*Tölur Fiskveiðistofu og Hagstofu Íslands í tonnum talið yfir botn- og flatfisktegundir.*

Almennt aflamark byggðarlaga með sértækan byggðakvóta jókst á milli fiskveiðíáranna 2012/2013 til 2013/2014 en lækkuðu hressilega á næsta ári (Tafla 18). Veiðin hjá þeim þróaðist í þessa átt en það eru alls ekki jafn ýktar breytingar á milli ára og í tölum yfir almennt aflamark. Tölur yfir löndun stóðu í stað á milli áranna 2013 og 2014 en vinnslan dróst lítið eitt saman. Breytingin síðasta árið yfir almennt aflamark verða helst raktar til sex staða: Bakkafjarðar, Breiðdalsvíkur, Djúpavogs, Flateyrar, Raufarhafnar og Þingeyrar. Samningar hafa verið gerðir við aðila á 10 stöðum<sup>43</sup>, við aðila í Breiðdalsvík, Djúpavogi og Þingeyri á kvótaárinu 2014/2015 en ári fyrr við hin þrjú: Bakkafjörð, Flateyri og Raufarhöfn. Taka verður tillit til þess að samningurinn við Flateyri gekk til baka vegna forsendubrests af hendi samningsaðila.

Athygli vekur hvað heildarveiðin á stöðum með sértækan byggðakvóta dregst lítið saman á milli áranna 2013 og 2014, tæp 4.000 tonn, þegar heildarveiðiheimildirnar drögust saman um 10.000 tonn. Það kann að vera m.a. vegna tilfærslu á milli ára þar sem veiðiheimildirnar jukust um 5.000 tonn á undangengnu ári en veiðin eingöngu um tæp 2.500 tonn (Tafla 18).

<sup>43</sup> Breiðdalsvík, Hrísey, Bakkafjörður, Djúpivogur, Drangsnes, Flateyri, Þingeyri, Raufarhöfn, Suðureyri, Tálknafjörður.

**Tafla 19. Heimildir úr pottum fiskveiðistjórnunarkerfisins á stöðum með sértækan byggðakvóta**

| Ár*            | Sértækur<br>byggðakvóti. | Almennur<br>byggðakvóti | Línuvílnun   | Skelbætur  | Strandveiðar<br>heimabáta | Strandveiðar<br>löndun | Samtals       |
|----------------|--------------------------|-------------------------|--------------|------------|---------------------------|------------------------|---------------|
| 2011           | -                        | 1.482                   | 841          | 78         | 1.187                     | 1.411                  | 4.999         |
| 2012           | -                        | 1.420                   | 855          | 264        | 1.170                     | 1.325                  | 5.034         |
| 2013           | 1.775                    | 1.371                   | 940          | 261        | 1.170                     | 1.325                  | 8.855         |
| 2014           | 2.386                    | 1.641                   | 793          | 233        | 1.095                     | 1.407                  | 9.569         |
| <b>Samtals</b> | <b>4.161</b>             | <b>5.915</b>            | <b>3.429</b> | <b>836</b> | <b>4.622</b>              | <b>5.467</b>           | <b>25.413</b> |

\* Sem fyrr stendur ár fyrir fyrra ár kvótárs


*Tölur Fiskistofu og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins í tonnum talið yfir botn- og flatfisktegundir.*

Yfirlit yfir pottana árin 2011-2014 á SB stöðum (Tafla 19) gefur til kynna að ekki eru miklar breytingar þar á að undanskyldri línuvílnun sem dróst lítið eitt saman á milli áranna 2013 og 2014 auk þess sem skelbæturnar jukust á milli áranna 2011 og 2012.

Almennt aflamark dróst saman í þessum tegundum um 10% á landinu öllu milli fiskveiði-áranna 2013/2014 og 2014/2015 en um 60% á stöðum með sértækan byggðakvóta. Hafi þetta verið fyrirsjánlegur samdráttur er árangur sértæka byggðakvótans (Aflamarks Byggðastofnunar) góður í þeim byggðarlögum þar sem samdrátturinn var. Ennfremur þar sem vinnsla og löndun standa í stað eða dragast lítið saman og litlar breytingar eru í veiðum. Þetta sést líka í myndunum hér á undan (Mynd 26 og Mynd 27).


## ALMENNI BYGGÐAKVÓTINN

Af 68 útgerðarstöðum hafa 53 fengið almennan byggðakvóta – sem verður að teljast hátt hlutfall. Stykkishólmur hefur fengið flest tonnin út úr almenna byggðakvótanum þegar horft er til samtölu áranna 2003-2014. Í kjölfarið koma Súðavík, Stöðvarfjörður, Flateyri og Húsavík (Tafla 20).



**Mynd 27. Þróun veiða á stöðum sem hafa fengið almennan byggðakvóta borið saman við aðra**

Almenni byggðakvótinn nær markmiðum sínum og gott betur þegar horft er til talna yfir þróun veiða þar og annars staðar (Mynd 27) þar sem markmið hans er að halda hlutum í horfinu (þ.e. bæta upp skerðingar) vegna þess að hann er aðallega veittur útgerðum þeirra staða sem eru að tapa frá sér veiðiheimildum.



**Mynd 28. Þróun vinnslu á stöðum sem hafa fengið almennan byggðakvóta borið saman við aðra**

Þá renna tölur yfir vinnslu (Mynd 28) einnig stoðum undir það, en munurinn á línum er ekki eins afgerandi að þessu sinni.

Þegar kafað var betur ofan í tölur fyrir einstakar hafnir/staði og einblínt á þær sem höfðu fengið mestu úthlutanirnar á viðkomandi tímabili kom í ljós að Stykkishólmur hafði fengið 2.332 tonn. Súðavík og Stöðvarfjörður fylgja svo fast á eftir með mjög svipaða tölu eins og sjá má í næstu töflu (Tafla 20). Í töflunni eru listaðar upp 27 hafnir sem fengu mesta úthlutun á þessu tímabili ásamt tonnafjölda og leitni á milli vinnslu og almenna byggðakvótans. Staðirnir hafa fengið úthlutað 78% af öllum almenna byggðakvótanum á tímabilinu.


**Tafla 20. Uppsöfnuð úthlutun almenns byggðakvóta árin 2003-2014 eftir heimahöfn skips ásamt leitni vinnslu og almenna byggðakvótans**

| Höfn                 | Tonn  | Leitni |
|----------------------|-------|--------|
| Stykkishólmur        | 2.332 | 18,4   |
| Súðavík              | 2.104 | "+ EM" |
| Stöðvarfjörður       | 2.050 | "- EM" |
| Flateyri             | 2.020 | -16,6  |
| Húsavík              | 1.994 | 22,3   |
| Siglufjörður         | 1.987 | "- EM" |
| Skagaströnd          | 1.981 | "- EM" |
| Vopnafjörður         | 1.892 | 8,6    |
| Árskógssandur        | 1.888 | -1,1   |
| Grundarfjörður       | 1.857 | "+ EM" |
| Ólafsvík             | 1.702 | 14,1   |
| Breiðdalsvík         | 1.594 | "+ EM" |
| Tálknafjörður        | 1.565 | 7,4    |
| Bakkafjörður         | 1.545 | "- EM" |
| Ólafsfjörður         | 1.537 | 14,6   |
| Bíldudalur           | 1.495 | "- EM" |
| Blönduós             | 1.379 | "- EM" |
| Hólavík              | 1.361 | 1,9    |
| Patreksfjörður       | 1.258 | 6,3    |
| Raufarhöfn           | 1.223 | 36,4   |
| Ísafjörður           | 1.195 | "- EM" |
| Hrísey               | 1.044 | "- EM" |
| Grenivík             | 1.010 | "+ EM" |
| Garður               | 973   | "- EM" |
| Rif                  | 939   | "+ EM" |
| Seyðisfjörður        | 865   | "- EM" |
| Borgarfjörður eystri | 858   | "+ EM" |

Framkvæmd var einföld aðhvarfsgreining líkt og fyrir skelbæturnar á 27 úthlutunarhæstu stöðum landsins í þeim tilgangi að meta leitni (Tafla 20). Í ljós kom að jákvæð leitni var marktæk og jákvæð í 9 tilfellum en neikvæð í tveimur. Að þessu leyti virðist almenni byggðakvótinn frekar hafa jákvæð áhrif á vinnslu þessara staða en neikvæða. Þess má geta að leitnin var ómarktæk í 15 tilvikum.

## STRANDVEIÐI


Ekki er hægt að segja að tölurnar yfir veiði (Mynd 29) og vinnslu (Mynd 30) þeirra staða sem notið hafa hvað mest strandveiðanna hafi skilað tilætluðum árangri því þarna hefði mátt búast við að skilið hefði á milli línnanna frá 2009, strandveiðistöðunum í vil.



**Mynd 29. Þróun veiða á stöðum sem hafa nýtt sér strandveiðarnar borið saman við aðra**

Hér verður að útskýra muninn á tölu yfir strandveiðistaði og aðra staði. Þar sem vel flestar sjávarbyggðir hafa tekið þátt í strandveiðunum þurfti að byggja talnasafnið upp á annan hátt en hingað til. Það var gert þannig að reiknað var út hversu mörg tonn voru rakin til allra sjávarbyggða á Íslandi frá upphafi. Síðan var fundið miðgildi. Þeir staðir sem voru fyrir ofan miðgildið voru taldir strandveiðistaðir. Þess vegna má segja að strandveiðistaðir séu þeir sem hafa tekið hvað mest þátt í strandveiðunum og svo aðra sem ekki hafa verið eins miklir þátttakendur að þessu leyti.

Í myndinni yfir þróun veiða var stuðst við strandveiðitölur flokkaðar eftir heimahöfn skips. Samkvæmt þeim tölu hafa Stöðvarfjörður, Patreksfjörður, Húsavík, Stykkishólmur og Grundarfjörður veitt mest í þessari röð þegar stuðst er við samtölu allra ára.



**Mynd 30. Þróun vinnslu á stöðum sem hafa nýtt sér strandveiðarnar borið saman við aðra**

Hins vegar var stuðst við strandveiðitölur flokkaðar eftir löndunarhöfn í myndinni yfir þróun vinnslu. Að þessu sinni hafði Patreksfjörður vinninginn en í kjölfarið komu Sandgerði, Stöðvarfjörður, Bolungarvík og Skagaströnd þegar horft var til samtölu allra áranna. 84% alls afla sem veiddur er á strandveiðum hefur verið landað á neðangreindum 27 höfnum (Tafla 21).

**Tafla 21. Uppsöfnuð löndun afla vegna strandveiða árin 2003-2014 ásamt leitni vinnslu og strandveiða**

| Höfn           | Tonn  | Leitni |
|----------------|-------|--------|
| Patreksfjörður | 2.893 | "+ EM" |
| Sandgerði      | 2.775 | "- EM" |
| Stöðvarfjörður | 2.359 | "- EM" |
| Bolungarvík    | 2.339 | -4,9   |
| Skagaströnd    | 2.304 | "+ EM" |
| Húsavík        | 2.126 | "- EM" |
| Grundarfjörður | 2.050 | 8,1    |
| Ólafsvík       | 2.034 | 7,5    |
| Siglufjörður   | 1.930 | "- EM" |
| Djúpivogur     | 1.904 | "+ EM" |
| Grímsey        | 1.707 | "+ EM" |
| Rif            | 1.688 | "+ EM" |
| Hornafjörður   | 1.605 | 10,4   |
| Grindavík      | 1.528 | "+ EM" |
| Hólmavík       | 1.277 | 1,1    |
| Breiðalsvík    | 1.150 | -4,5   |
| Stykkishólmur  | 1.132 | 15,5   |
| Suðureyri      | 1.125 | "+ EM" |
| Bakkafjörður   | 1.123 | "+ EM" |
| Neskaupstaður  | 1.034 | "+ EM" |
| Sauðárkrókur   | 1.001 | "+ EM" |
| Arnarstapi     | 990   | "- EM" |
| Dalvík         | 966   | -28,3  |
| Ísafjörður     | 956   | 21,1   |
| Þórshöfn       | 946   | 6,9    |
| Akranes        | 930   | "+ EM" |
| Raufarhöfn     | 906   | "+ EM" |

Þegar reynt var að brjóta áhrif strandveiðanna meira upp og beita einfaldri greiningu virðist vera jákvæð leitni á milli vinnslu og strandveiða á sjö stöðum af 27 en neikvæð á þremur. Á öðrum stöðum var mat á leitninni ekki marktækt. Þessi greining rennir því heldur stoðum undir jákvæð áhrif strandveiðanna.

## LÍNUÍVILNUN


57 staðir hafa notið línuívilnunar frá árinu 2003. Það eru flestir virkir útgerðarstaðir á Íslandi. Skilgreining á línuívilnunarstöðum var af þeim sökum með líkum hætti og fyrir strandveiðistaði þar sem eingöngu voru teknir þeir atkvæðamestu með.

Bolungarvík bar þar höfuð og herðar yfir aðra með 9.997 tonn en Ólafsvík þar á eftir með 4.358 tonn. Rif, Grindavík og Suðureyri komu svo í kjölfarið með um 3.500 til 3.800. 91% línuvílnunar nýttist 27 höfnum á landinu af 68 árin 2003-2014.

**Tafla 22. Uppsöfnuð nýting línuvílnunar árin 2003-2014 eftir heimahöfn skips ásamt leitni hennar gagnvart vinnslu**


| Höfn                        | Hafnarnr. | Tonn  | % landið | % staður     | Leitni |
|-----------------------------|-----------|-------|----------|--------------|--------|
| <b>Bolungarvík</b>          | 69        | 9.997 | 17,9%    | <b>11,4%</b> | -2,5   |
| Ólafsvík                    | 43        | 4.358 | 7,8%     | 5,9%         | "- EM" |
| Rif                         | 42        | 3.806 | 6,8%     | 2,6%         | "+ EM" |
| Grindavík                   | 13        | 3.646 | 6,5%     | 0,8%         | "+ EM" |
| <b>Suðureyri</b>            | 67        | 3.575 | 6,4%     | <b>16,5%</b> | "- EM" |
| Siglufjörður                | 93        | 2.589 | 4,6%     | 5,0%         | "- EM" |
| <b>Flateyri</b>             | 65        | 2.279 | 4,1%     | <b>13,4%</b> | 24,8   |
| <b>Sandgerði</b>            | 17        | 2.068 | 3,7%     | <b>10,8%</b> | "+ EM" |
| <b>Arnarstapi</b>           | 38        | 1.617 | 2,9%     | <b>17,4%</b> | -1,8   |
| Patreksfjörður              | 57        | 1.436 | 2,6%     | 2,7%         | "- EM" |
| Tálknafjörður               | 59        | 1.328 | 2,4%     | 5,5%         | "- EM" |
| <b>Hólmavík</b>             | 81        | 1.289 | 2,3%     | <b>16,4%</b> | "+ EM" |
| Hafnarfjörður               | 27        | 1.278 | 2,3%     | 0,8%         | 49,3   |
| Dalvík                      | 101       | 1.250 | 2,2%     | 1,1%         | "- EM" |
| Keflavík                    | 21        | 1.246 | 2,2%     | 2,1%         | "- EM" |
| Stykkishólmur               | 47        | 1.027 | 1,8%     | 1,7%         | "+ EM" |
| Skagaströnd                 | 87        | 970   | 1,7%     | 0,8%         | -83,1  |
| Ísafjörður                  | 73        | 836   | 1,5%     | 0,9%         | -25,4  |
| Akranes                     | 35        | 832   | 1,5%     | 0,4%         | -56,7  |
| <b>Borgarfjörður Eystri</b> | 129       | 788   | 1,4%     | <b>10,1%</b> | -5,8   |
| <b>Drangsnes</b>            | 79        | 757   | 1,4%     | <b>10,0%</b> | "+ EM" |
| Reykjavík                   | 33        | 712   | 1,3%     | 0,1%         | "+ EM" |
| Ólafsfjörður                | 95        | 688   | 1,2%     | 0,5%         | 16,9   |
| Vestmannaeyjar              | 1         | 669   | 1,2%     | 0,1%         | "+ EM" |
| <b>Hrísey</b>               | 99        | 628   | 1,1%     | <b>11,0%</b> | "- EM" |
| Húsavík                     | 115       | 615   | 1,1%     | 1,3%         | 26,1   |
| Bakkafjörður                | 123       | 461   | 0,8%     | 5,3%         | "- EM" |

Leitni vinnslu og línuvílnunar var á fáum stöðum marktæk en jákvæð á fjórum stöðum og neikvæð á sex stöðum (Tafla 22). Ómarktæk en jákvæð var hún á átta stöðum en neikvæð á níu.



**Mynd 31. Þróun veiða á stoðum sem hafa nýtt sér línuvílnun borið saman við aðra**

Tölur yfir veiðar benda ekkert sérstaklega til að línuvílnunin styðji við bakið á þeim byggðum sem nýta sér hana, nema síður sé. Í upphafi tímabilsins gætir þó helst munar á þeim byggðum sem voru hvað duglegastar að nýta sér línuvílnuna (gul og græn lína). Hér verður að rifja upp að línuvílnunin var endurvakin árið 2003 fyrir hluta flotans.



**Mynd 32. Þróun vinnslu á stoðum sem hafa nýtt sér línuvílnun borið saman við aðra**

Tölur yfir vinnslu staða sem hafa nýtt sér línuvílnun eru nærri því speglun vinnslutalnanna fyrir aðra staði og því veikari vísbendingar fyrir því að línuvílnun sé að renna stoðum undir

byggðafestu – en það er að vísu alls ekki markmið hennar svo því sé haldið til haga. Leitnitöllur renna stoðum undir þessa tilhneigingu.

## NIÐURSTÖÐUR LÝSANDI GREININGAR

Samkvæmt lýsandi greiningu má segja að heilt yfir sé ekki stórt ósamræmi á niðurstöðum hennar og einkunnagjafar aðhvarfsgreiningarinnar er varðar byggðafestuáhrif pottanna. Mesti munurinn er á línuívilnunni og skelbótunum þar sem línuívilnunin kemur ver út í lýsandi greiningunni en aðhvarfsgreiningunni. Þá koma almenni byggðakvóttinn og skelbæturnar betur út í lýsandi greiningunni en aðhvarfsgreiningunni. Í lýsandi greiningunni kom almenni byggðakvóttinn best út og síðan strandveiðar, línuívilnun og skelbætur í kjölfarið (Tafla 12). Að auki eru vísbendingar um að sértæki byggðakvóttinn renni stoðum undir atvinnulíf þeirra byggða sem hafa tekið þátt í því verkefni eins og í aðhvarfsgreiningunni.

## 8 NIÐURSTÖÐUR

Heilt yfir skilaði línuvílnun mestum byggðafestuáhrifum af þeim pottum sjávarútvegsins sem lengst hafa verið í gangi en strandveiðar og almenni byggðakvótinn (sem er í umsjá Fiskistofu) nokkuð jöfn í öðru og þriðja sæti en skelbætur höfðu síst áhrif. Línuvílnun hefur haft mest áhrif á stór-höfuðborgarsvæðinu og næstum því jafn mikil í öðrum höfnum (Norðurland og Austurland). Almenni byggðakvótinn og strandveiðin höfðu mestu áhrifin á Vestfjörðum en skelbætur í öðrum höfnum. Þannig má sjá að pottarnir virðast virka vel á sumum svæðum en ekki öðrum og sjaldnast virkar hver þeirra best á tveimur eða fleiri svæðum (Tafla 2). Þess vegna gæti áhersla stjórnvalda á tiltekið landsvæði kallað á að leggja áherslu annan pott en þann sem fær hæstu heildarstig (Tafla 12). Almennt séð virtust pottar fiskveiðistjórnunarkerfisins hafa minni marktæk byggðafestuáhrif en búist var við.

Í þessari skýrslu var valið að meta byggðafestuáhrif með því að mæla áhrif potta fiskveiði-stjórnunarkerfisins á staðbundna veiði, löndun og vinnslu sjávarafla (en þó eingöngu botnfishs- og flatfisktegunda enda gilda pottarnir um þá). Þetta hefði líka mátt gera með því að horfa á tekjur og hagnað í greininni á hverjum stað, ársverk, fjölda fyrirtækja í greininni o.þ.h. en gagna- og tímaskortur kom í veg fyrir að hægt væri að gera það í þessari atrennu.

Höfuðborgarsvæðið er langstærsta verstoð landsins þegar horft er til hefðbundinnar svæðis-skiptingar Hagstofu Íslands. Um helmingur allrar vinnslu og veiða fara fram á stór-höfuð-borgarsvæðinu<sup>44</sup> og sú hlutdeild fer stækandi.

Ákveðið var að skoða veiði- og vinnsluhlutfall aflaheimilda sem endurspeglar hversu stór hluti heildaraflamarks staðanna er veiddur af heimabátum og unnninn á staðnum. Til hlið-sjónar var skoðað vinnsluhlutfall landana sem gefur til kynna hversu mikinn hluta af öllum afla sem kemur á bryggju tiltekins staðar, óháð uppruna skips, ratar inn í vinnslu þar. Þessar tölur gáfu til kynna að sjávarbyggðir væru hlutfallslega sterkari í veiðum utan stór-höfuð-borgarsvæðisins. Þetta á sérstaklega við um Vesturland og Austurland. Höfuðborgarsvæðið er hlutfallslega sterkast í vinnslu, en þar er verkað tvöfalt meira en svarar til aflaheimilda þess. Vinnsluhlutfallið er næst hæst á stór-höfuðborgarsvæðinu og því næst á Akureyri. Þá kom einnig fram að Eyjafjörður er almennt sterkur í vinnslu, Nokkuð kom á óvart hve vinnsla virðist standa vel á Vestfjörðum miðað við þessa greiningu en staða þessa er síst á Aust-fjörðum.

<sup>44</sup> Stór-höfuðborgarsvæðið er hér skilgreint sem höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Akranes og Þorlákshöfn.


Athygli vekur hvað það er hátt hlutfall pottanna sem nýtist þeim 27 stöðum sem lento í brennidepli lýsandi greiningarinnar: 97% skelbótanna, 78% almenna byggðakvótans, 84% strandveiðanna og 91% línuvílnunar. Á þessu sést að að hátt hlutfall þessara potta lendir á eða nýtist fáum stöðum.

## 9 FRUMTILLÖGUR TIL ÚRBÓTA

Á grundvelli undangenginnar greiningar verða hér settar fram nokkrar almennar hugmyndir eða ábendingar sem skoða má sem efnivið í tillögur til úrbóta á kerfinu kringum pottana, þ.e. það aflamagn sem dregið er frá heildarafla og ætlað að hafa áhrif á byggðafestu. Þannig megi koma í veg fyrir staðbundin áföll, áföll í tilteknum tegundum útgerðar eða til þess að hafa áhrif á notkun tiltekinna veiðarfæra.

Áður en bent verður á tilteknar leiðir má velta því fyrir sér hvort framlög í pottana hafi kannski verið of lítil, dreifð, fjölbreytt og kannski ómarkviss til þess að geta haft einhver marktæk áhrif á atferli greinarinnar á stöðum sem hafa átt undir högg að sækja eftir að framsal fiskveiðiheimilda var heimilað 1990. Ef eingöngu er horft til talna yfir þorskveiðar þá var hlutdeild pottanna einna mest á árunum 1994-2001 en svipur hjá sjón eftir það (**Error!**

**Reference source not found.**). Það tímabil sem rannsakað var hér og tölur náðust yfir er einmitt það tímabil sem hlutur pottanna er hvað rýrastur. Það hvarflar því að höfundum að möguleg ástæða fyrir því hvað byggðafestuáhrif pottanna mældust rýr kann að mega rekja til þess hvað hlutur þeirra var takmarkaður í samanburði við vandann sem við var að etja og oft í byggðum sem áttu ekki möguleika á að hasla sér völl á öðrum sviðum atvinnulífsins vegna einangrunar, smæðar eða annars.



**Mynd 33. Þorskveiðar í almenna kerfinu, krókaflamarkskerfisins og pottanna frá 1984 til 2014/2015. Tölur Hagstofu Íslands.**

**Samgöngukerfið.** Vinnsla fersks og verðmæts sjávarfangs hefur farið mjög vaxandi á stórhöfuðborgarsvæðinu. Í krafti nálægðar sinnar við stærstu útflutningshöfn landsins og millilandaflugið á Keflavíkurflugvelli hefur stór-höfuðborgarsvæðið unnið tvöfalt meira af botnfisk- og flatfisktegundum en þar eru aflaheimildir fyrir. Þessi ójafna aðstaða kemur niður á sjávarbyggðum sem liggja illa við miðlægum vegtengingum og samgöngumiðstöðvum eins og Snæfellsnes og Vestfirðir, svo og á öllu austan- og norðanverðu landinu sem fjærst er frá höfuðborgarsvæðinu. Vísbendingar eru þó um að framfarir í meðferð afla, vinnslutækni og flutningum sé að valda því að útflutningur fersks fisks til Evrópu með sjófrakt sé að aukast sem jafnar aðstæður fiskútflyttjenda víða um land. Jafnhliða þessu hafa millilandaskip fjölgat höfnum sem þau hafa viðkomu á áður en sight er frá landi. Þá er uppi krafa um það af hálfu ferðaþjónustunnar og annarra hagsmunaaðila á landsbyggðinni að stuðla beri að millilandaflugi annars staðar á landinu en í Keflavík, þ.e. að draga úr ríkjandi „eingáttarstefnu“ í millilandaflugi, eins og það er kallað. Slíkt myndi einnig nýtast sjávarútveginum vegna þeirra tækifæra sem slíkt skapar í tengslum við vinnslu og beinan útflutning ferskra og verðmætra sjávarafurða frá fleiri landsvæðum en nú er. Til að jafna aðstöðu landshluta er mikilvægt að hið opinbera endurgreiði á flutningskostnaði vegna hráefnis- og afurðaflutninga með sjávarfang – sérstaklega til þeirra sem þurfa að stóla á dýra landflutninga til að koma hráefni til sín og/eða afurðum í skip eða flug til útlanda. Endurgreiðslur sem þessar veittar af hinu opinbera fyrir flutning afurða en ekki hráefnis.

**Sérsniðnar lausnir.** Hægt væri að hugsa sér að mismunandi úrræði séu tengd einstökum landshlutum eftir því hvar þau reynast best. Þannig virðist línuívilnun t.d. vera áhrifarík á einu svæði en almenni byggðakvótinn á öðru. Sennilega stafar þetta af mismunandi aðstæðum á svæðunum og bendir til þess að rétt gæti verið að sérsníða aðgerðirnar að aðstæðum til að ná sem bestum árangri. Þá þyrfti kannski að rannsaka enn betur hvað veldur þessum mismunandi byggðafestuáhrifum pottanna. Það væri best gert með því að kortleggja betur landfræðileg blæbrigði atvinnugreinarinnar og skoða hvaða eiginleikar atvinnugreinarinnar eða aðstæður leika stórt hlutverk í þessum árangri eða árangursleysi.

**Rækju- og skelbætur.** Greiningin bendir til að úrræðið hafi takmörkuð jaðaráhrif. Upphaflega stóð til að bæturnar yrðu stiglækkandi og hætt en fljótlega var snúið frá því. Í ljósi greiningar á byggðafestuáhrifum þessara bóta má velta því fyrir sér að afnema þær eða gera ríkari kröfu um löndun og vinnslu þessara heimilda á þeim stöðum sem urðu fyrir skakkaföllum. Bæturnar koma fyrir vinnslu skeldýra sem hafa mikil staðbundin áhrif vegna lágs nýtingarstuðuls (stundum í kringum 11%) og þess vegna væri eðlilegt að bæturnar nýttust ríkulega þeim stöðum sem urðu fyrir áfalli vegna hruns skelveiðanna. Þó má ætla að

varhugavert sé að afnema bæturnar í þeim byggðarlögum sem eru sannarlega nærrí skeldýramiðum og bæturnar vega þungt í heildaraflamarki staðanna (Tafla 14) á meðan veiðar liggja niðri. Ein ástæðan fyrir því að áhrif skelbótanna mælist svona takmörkuð má rekja til þess tímabils sem gögnin ná yfir eins og sjá má í sérstakri umfjöllun um Stykkishólm og skelbæturnar.

**Vinnsluheimild í stað veiðiheimildar.** Að þær ráðstafanir sem ætlað er að hafa byggðafestuáhrif verði úthlutað sem vinnsluheimild en ekki veiðiheimild. Þarna þyrfti ekki að hugsa um veiðiheimildir útgerðaraðila vegna þess að þeir þyrftu ekki að hafa neinar slíkar ef þeir seldu aflann vinnslum sem hefðu heimild af þessu tagi. Binda mætti vinnsluheimildirnar við staðsetningu vinnslu og framsal þeirra heimilda bundið við stað eða landsvæði. Þá væri hægt að gera ákveðna kröfu um það hvað mætti kalla unninn fisk. Þetta yrði vissulega grundvallarbreyting á stjórn fiskveiða hérlandis. En í reynd bara útvíkkun á því tvöfalta kerfi sem ríkt hefur hérlandis: Almenna kerfið og krókaflamarkskerfið (smábátakerfið). Ekki er óeðlilegt að hluti kerfisins taki tillit til þeirra hagsmuna sem landvinnslan og fólkisem að henni stendur hafa af staðbundnum möguleikum greinarinnar. Þá má velta því fyrir sér hvort það væri fyrirtæki eða sveitarfélag sem væri handhafi heimildanna.

**Vinnsluívlnun.** Hér væri kerfið í kringum línuívlnunina nýtt að hluta líkt og mælt var með tillögum fyrri vinnuhóps um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2011). Til að auka byggðafestuáhrifin mætti hugsa sér að heimildin væri ívílnun 1) sem hlutfall út frá greiddu tryggingagjaldi 2) að skilgreint verði þróngt hvaða afurðir gæfu ívílnunina t.a.m. saltfiskur og frystar afurðir af tilteknum gerðum 3) sem hlutfall út frá vinnsluvirðishlutfalli<sup>45</sup> framleiðslunnar sem mætti að auki skilgreina sbr. lið 2). Ívílnun gæfi tiltekin tonn sem vinnslan gæti tekið á móti til vinnslu án þess að veiðiheimild (báts) væri fyrir hendi. Galli ívílnunar er hins vegar sá að hún hyglar þeim sem eru fyrir í greininni og stuðlar þ.a.l. ekki að nýliðun.

**Sértækur byggðakvóti.** Sértæki byggðakvótinn (eða Aflamark Byggðastofnunar) lofar góðu en fylgjast þarf vel með því og æskilegt væri að meta áhrif potta fiskveiðistjórnunarkerfisins aftur eftir 2-3 ár og þá ættu áhrif hans að vera komin fram. Ef þau mælast ekki væri næra að leggja sértæka byggðakvótann niður og leggja allt í strandveiði eða línuívlnun þar sem þau kerfi virðast hjálpa þessum svæðum einna mest. Línuívlnun er líka það almenn að það er ódýrt að reka kerfið og fylgja því eftir – mun ódýrara en sértæka byggðakvótann að ætla

<sup>45</sup> Vinnsluvirði er tekjur að frádegnum hráefniskostnaði. Vinnsluvirðishlutfall er því vinnsluvirði deilt með tekjum.

megi þó svo úttekt á því hafi ekki verið gerð. Þá er rekstur strandveiðikerfisins þegar til staðar og myndi ekki breytast þó bætt yrði við nokkrum tonnum.

**Veiðiheimildir til samfélagsþróunar.** Hugsa má sér kerfi í ætt við Community quota program í Alaska sem fjallað er um fyrr í skýrslunni þar sem heimamenn á svæðum sem uppfylla ákveðin skilyrði sjá að verulegu leyti um að halda utan um og miðla tilteknun fiskveiðiheimildum innan viðkomandi samfélaga (einskonar veiðifélag). Einnig má hugsa sér að sveitarfélög, þar sem það og/eða þéttbýliskjarni innan þess uppfyllir tiltekin skilyrði, sé úthlutað veiðiheimildum sem hafi það að markmiði að stuðla að byggðafestu. Sveitarfélögin geti síðan notað þessar heimildir til þess að tryggja vinnslu afurðanna staðbundið eða leigja útgerðum til þess að stuðla að annarri atvinnuuppbyggingu líkt og dæmi er til um hér á landi.

## HEIMILDIR

Alþingi (2009). *Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.* Þskj. 34 — 34. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009).

Alþingi (2015). *Tillaga til þingsályktunar um áætlun um meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla skv. 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.* Þingskjal 1362 — 775. mál. (Lögð fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015).

Anna Karlsdóttir (2008). Not sure about the shore! Transformation effects of individual transferable quotas on Iceland's fishing economy and communities. Í Lowe, M. E. og Courtney *Enclosing the fisheries: People, places and power.* Bethesda, Maryland: American fisheries society. Bls. 99-117.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2011). *Minnisblað vinnuhóps um strandveiðar, línuvílnun, byggðakvóta, rækju- og skelbætur.* Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

<https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Skyrslur/minnisblad-vinnuh-um-strandveidar-byggdakov-ofl-des-2011.pdf>

Árni Ragnarsson (ritstj.), Einar Örn Hreinsson, Guðmundur Guðmundsson, Kristján Þ. Halldórsson, Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir, Sigurður Árnason og Snorri Björn Sigurðsson (2015). *Höfuðborgarsvæðið. Stöðugreining 2014.* Sauðárkrókur: Byggðastofnun.

Byggðastofnun (2013). *Samstarfskvóti - 1.800 tonn.* Sauðárkrókur: Byggðastofnun.

Carothers (2011). Equity and Access to Fishing Rights: Exploring the Community Quota Program in the Gulf of Alaska. *Human Organization,* Vol. 70, No. 3.

Årland, K., & Bjørndal, T. (2002). Fisheries management in Norway—an overview. *Marine Policy,* 26(4), 307-313. doi:[http://dx.doi.org/10.1016/S0308-597X\(02\)00013-1](http://dx.doi.org/10.1016/S0308-597X(02)00013-1)

Berglund, A. K. o.fl. (2005). *Med periferien i sentrum – en studie av lokal velferd, arbeidmarked og kjønnrelasjoner i den nordiske periferien.* Finnmark: Norut NIBR.

Bjarki Vigfússon, Haukur Már Gestsson og Þór Sigfússon (2015). *Sjávarklasinn á Íslandi: Efnahagsleg umsvif og afkoma 2014.* Reykjavík: Íslenski sjávarklasinn.

Byggðastofnun (2013). *Byggðaprórun á Íslandi. Stöðugreining 2013. Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017.* Sauðárkrókur: Byggðastofnun.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir (ritstj.), Elín Gróa Karlssdóttir, Sigríður E. Þórðardóttir og Sigurður Árnason (2012). *Samfélag, atvinnulíf og íbúaþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun.* Sauðárkrókur: Byggðastofnun.

Committee to Review the Community Development Quota Program; Commission on Geosciences, Environment and Resources; Ocean Studies Board; Polar Research Board; Division on Earth and Life Studies; National Research Council (1999). *The Community Development Quota Program in Alaska.* Washington: National Academy Press.

Ginter, J. J. C. (1995). The Alaska community development quota fisheries management program. *Ocean & Coastal Management,* Vol. 28. Nos 1-3, Bls. 147-163.  
<http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/0964569195000690>

- Hersoug, B., Holm, P., & Rånes, S. A. (2000). The missing T. path dependency within an individual vessel quota system — the case of norwegian cod fisheries. *Marine Policy*, 24(4), 319-330. doi:[http://dx.doi.org/10.1016/S0308-597X\(00\)00008-7](http://dx.doi.org/10.1016/S0308-597X(00)00008-7)
- Holm, P., Raakjær, J., Becker Jacobsen, R., & Henriksen, E. (2015). Contesting the social contracts underpinning fisheries—Lessons from norway, iceland and greenland. *Marine Policy*, 55, 64-72. doi:<http://dx.doi.org/10.1016/j.marpol.2015.01.011>
- Hreiðar Þór Valtýsson, Hörður Sævaldsson og Jón Ingi Benediktsson (2014). *Fiskveiðistjórnunarkerfi á norðurslóðum*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð Háskólangs á Akureyri.
- Jentoft, S. (2000). *The community: a missing link of Fisheries management*. Marine Policy 24 (2000), bls. 53-59. doi: <http://dx.doi.org/10.1016/S0308-597X%2899%2900009-3>
- Kistrún M. Frostadóttir (2011). *Íslenskur sjávarútvegur*. Reykjavík: Greiningardeild Arion banka.
- McCay, B. J. (2008). Introduction: Etnography and the enclosure of the marine commons. Í Lowe, M. E. og Courtney Carothers. *Enclosing the fisheries: People, places and power*. Bethesda, Maryland: American fisheries society. Bls. 1-11.
- Mansfield, B. (2007). Property, Markets, and Dispossession: The Western Alaska Community Development Quota as Neoliberalism, Social Justice, Both, and Neither. *Antipode*, Volume 39, Issue 3, pages 479–499, June 2007. <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1467-8330.2007.00536.x/full>
- Níels Einarsson (2011). Fisheries Governance and Social Discourse in Post-Crisis Iceland: Responses to the UN Human Rights Committee's Views in Case 1306/2004. *The Yearbook of Polar Law Online*, Volume 3, Issue 1, 479 – 515.
- Standal, D. og Aarset, B. (2008). The IVQ regime in Norway: A stable alternative to an ITQ regime? *Marine Policy*, 32(4), 663–668.
- Vífill Karlsson (2004). Vinnsluhlutfall landaðs afla á vesturlandi. *Hagvísir Vesturlands*, 1, 1-8.
- Vífill Karlsson (2015a). Mat á framkvæmd aflamarks Byggðastofnunar. Reykjavík: Atvinnu og nýsköpunarráðuneytið. Slóð: <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/sjavarutvegs-og-landbunadarmal/frettir/nr/8577>
- Vífill Karlsson (2015b). Interregional Migration and Transportation Improvements in Iceland. *International Regional Science Review*, Volume 38, Issue 3, 292-315. Slóð: <http://irx.sagepub.com/content/38/3/292>
- Vífill Karlsson og Sveinn Agnarsson (Forthcoming). Hand in hand: Using discretionary policies to mitigate some of the perceived negative effects of the icelandic ITQ system.

Munnlegar heimildir

Guðný Sverrisdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, símaviðtal, 29. janúar 2016.  
Eggert Halldórsson, framkvæmdastjóri Þórsness í Stykkishólmi, símaviðtal, 5. febrúar 2016.

## VIÐAUKI 1: LANDSVÆÐI OG HAFNIR

Tafla 23: Landsvæði og hafnir

| Landsvæði            | Hafnir               |
|----------------------|----------------------|
| Aðrir útgerðarstaðir | Akureyri             |
|                      | Árskógsandur         |
|                      | Árskógsströnd        |
|                      | Dalvík               |
|                      | Eskifjörður          |
|                      | Fáskrúðsfjörður      |
|                      | Grenivík             |
|                      | Haganesvík           |
|                      | Hauganes             |
|                      | Hjalteyri            |
|                      | Hornafjörður         |
|                      | Húsavík              |
|                      | Hvammstangi          |
|                      | Mjóifjörður          |
|                      | Neskaupstaður        |
|                      | Ólafsfjörður         |
|                      | Reyðarfjörður        |
|                      | Sauðárkrókur         |
|                      | Seyðisfjörður        |
|                      | Siglufjörður         |
|                      | Skagaströnd          |
|                      | Vestmannaeyjar       |
|                      | Vopnafjörður         |
|                      | Þórshöfn             |
| Markhópur SB         | Bakkafjörður         |
|                      | Bíldudalur           |
|                      | Borgarfjörður Eystri |
|                      | Breiðdalsvík         |
|                      | Djúpivogur           |
|                      | Drangsnes            |

|                        |                      |
|------------------------|----------------------|
|                        | Flateyri             |
|                        | Grímsey              |
|                        | Hofsós               |
|                        | Hrísey               |
|                        | Kópasker             |
|                        | Raufarhöfn           |
|                        | Stöðvarfjörður       |
|                        | Suðureyri            |
|                        | Súðavík              |
|                        | Tálknafjörður        |
|                        | Þingeyri             |
| Ekki útgerðarstaðir    | Blönduós             |
|                        | Borgarnes            |
|                        | Búðardalur           |
|                        | Djúpavík             |
|                        | Flatey á Breiðafirði |
|                        | Garðabær             |
|                        | Gjögur               |
|                        | Haukabergsvaðall     |
|                        | Hellnar              |
|                        | Reykhólar            |
|                        | Selfoss              |
|                        | Seltjarnarnes        |
|                        | Svalbarðsströnd      |
|                        | Vík í Mýrdal         |
| Stór-höfuðborgarsvæðið | Akranes              |
|                        | Eyrarbakki           |
|                        | Garður               |
|                        | Grindavík            |
|                        | Hafnarfjörður        |
|                        | Hafnir               |
|                        | Keflavík             |
|                        | Kópavogur            |
|                        | Njarðvík             |

|             |                |
|-------------|----------------|
|             | Reykjavík      |
|             | Sandgerði      |
|             | Stokkseyri     |
|             | Vogar          |
|             | Þorlákshöfn    |
| Snæfellsnes | Arnarstapi     |
|             | Grundarfjörður |
|             | Hellissandur   |
|             | Ólafsvík       |
|             | Rif            |
|             | Stykkishólmur  |
| Vestfirðir  | Bolungarvík    |
|             | Brjánslækur    |
|             | Hnífsdalur     |
|             | Hólmavík       |
|             | Ísafjörður     |
|             | Norðurfjörður  |
|             | Patreksfjörður |

## VIÐAUKI 2: MEIRA UM NIÐURSTÖÐURNAR

Tafla 24. Jaðaráhrif pottanna brotin upp eftir svæðum og framleiðslustigum (ekki ihs líkan)

| Pottar / framleiðslustig    | Allar hafnir | Markhópur SB | Snæfellsnes | Vestfirðir | Stórhöfuðborgarsvæðið | Aðrar hafnir |
|-----------------------------|--------------|--------------|-------------|------------|-----------------------|--------------|
| <b>Sértækur byggðakvóti</b> |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      |              |              |             |            |                       |              |
| Löndun                      |              |              |             |            |                       |              |
| Vinnsla                     |              |              |             |            |                       |              |
| <b>Almennt aflamark</b>     |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 0.9          |              | 1.3         | 1.1        | 1.2                   | 0.8          |
| Löndun                      | 1.1          | 1.0          | 1.3         | 1.2        | 1.1                   | 1.0          |
| Vinnsla                     | 0.4          |              | 0.3         | 1.2        | 1.1                   | 0.5          |
| <b>Línuvílnun</b>           |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 5.3          | 9.8          | 5.0         | 2.7        |                       | 23.2         |
| Löndun                      | 2.2          | 3.3          | 2.4         | 1.0        |                       |              |
| Vinnsla                     | 5.8          | 10.5         | -6.0        | -4.3       | 23.0                  | 18.5         |
| <b>Almennur byggðakvóti</b> |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      |              |              |             |            |                       |              |
| Löndun                      |              |              |             |            | 4.4                   |              |
| Vinnsla                     |              | -3.1         | 1           |            |                       |              |
| <b>Skelbætur</b>            |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | -2.4         |              | -3.3        | 12.5       | -56.5                 |              |
| Löndun                      |              | -2.1         | -1.2        |            |                       |              |
| Vinnsla                     | -3.3         |              | -0.7        | -29.4      |                       |              |
| <b>Strandveiði</b>          |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 1.9          |              |             | 6.1        | 14.3                  | 9.6          |
| Löndun                      | 3.9          | 1.7          |             | 1.1        | 18.3                  | 8.6          |
| Vinnsla                     |              |              |             | -3.5       | 5.6                   |              |

Heimild: Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar

Tafla 25. Áhrifaríkasti potturinn (ekki ihs líkan)

| Framleiðslustig / pottar      | A<br>Meðal<br>jaðaráhrif | B<br>Fjöldi<br>jákvæðra<br>niðurstaðna | C<br>Fjöldi<br>neikvæðra<br>niðurstaðna | D<br>Heildarstig<br>$D=A+B-C$ |
|-------------------------------|--------------------------|--|---|-------------------------------|
| <b>Sértæki byggðarkvótinn</b> |                          |  |   |                               |
| Veiðar                        |                          |  |   |                               |
| Löndun                        |                          |  |   |                               |
| Vinnsla                       |                          |  |   |                               |
| <b>Línuvílnun</b>             |                          |  |   | <b>25,3</b>                   |
| Veiðar                        | 10,2                     | 4,0                                    |   | 14,2                          |
| Löndun                        | 2,2                      | 3,0                                    |   | 5,2                           |
| Vinnsla                       | 8,3                      | 3,0                                    | 2,0                                     | 9,3                           |
| <b>Ráðherrakvóti</b>          |                          |  |   | <b>-1,1</b>                   |
| Veiðar                        |                          |  |   | 0,0                           |
| Löndun                        |                          | 1,0                                    | 1,0                                     | 0,0                           |
| Vinnsla                       | -1,1                     | 1,0                                    | 1,0                                     | -1,1                          |
| <b>Skelbætur</b>              |                          |  |   | <b>-35,0</b>                  |
| Veiðar                        | -15,8                    | 1,0                                    | 2,0                                     | -16,8                         |
| Löndun                        | -1,7                     |  | 2,0                                     | -3,7                          |
| Vinnsla                       | -15,1                    |  | 2,0                                     | -17,1                         |
| <b>Strandveiði</b>            |                          |  |   | <b>17,9</b>                   |
| Veiðar                        | 10,0                     | 3,0                                    |   | 13,0                          |
| Löndun                        | 7,4                      | 4,0                                    |   | 11,4                          |
| Vinnsla                       | 1,1                      | 1,0                                    | 1,0                                     | 1,1                           |

Heimild: Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar

Tafla 26. Jaðaráhrif pottanna brotin upp eftir svæðum og framleiðslustigu FE ihs líkan

| Pottar / framleiðslustig    | Allar hafnir | Markhópur SB | Snæfellsnes | Vestfirðir | Stórhöfuðborgarsvæðið | Aðrar hafnir |
|-----------------------------|--------------|--------------|-------------|------------|-----------------------|--------------|
| <b>Sértækur byggðakvóti</b> |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      |              |              |             |            |                       |              |
| Löndun                      | 0,03         | 0,03         |             |            |                       |              |
| Vinnsla                     | 0,05         | 0,05         |             |            |                       |              |
| <b>Almennt aflamark</b>     |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 0,53         | 0,61         | 0,81        |            | 0,62                  | 0,40         |
| Löndun                      | 0,45         | 0,42         | 0,45        | -0,64      | 0,72                  | 0,47         |
| Vinnsla                     |              |              | -0,33       |            |                       | 0,57         |
| <b>Línuívilnun</b>          |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      |              |              |             | 0,21       |                       |              |
| Löndun                      |              |              |             |            |                       |              |
| Vinnsla                     | 0,07         | 0,07         |             |            |                       | 0,16         |
| <b>Almennur byggðakvóti</b> |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      |              |              |             |            |                       |              |
| Löndun                      |              |              |             | -0,05      | 0,07                  |              |
| Vinnsla                     |              |              |             |            |                       |              |
| <b>Skelbætur</b>            |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 0,03         |              | 0,04        | 0,06       |                       | 0,04         |
| Löndun                      | 0,03         |              | 0,07        |            | -0,09                 | 0,07         |
| Vinnsla                     |              |              |             | -0,29      |                       |              |
| <b>Strandveiði</b>          |              |              |             |            |                       |              |
| Veiðar                      | 0,02         | 0,05         |             | 0,03       | -0,02                 | 0,02         |
| Löndun                      |              |              |             |            | -0,05                 |              |
| Vinnsla                     |              |              |             |            |                       |              |

Heimild: Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar

Tafla 27. Jaðaráhrif pottanna brotin upp eftir svæðum og framleiðslustigu Tobit ihs líkan

| Pottar / framleiðslustig    | Allar hafnir | Markhópur SB | Snæfellsnes | Vestfirðir | Stórhöfuð-borgarsvæðið | Aðrar hafnir |
|-----------------------------|--------------|--------------|-------------|------------|------------------------|--------------|
| <b>Sértækur byggðakvóti</b> |              |              |             |            |                        |              |
| Veiðar                      |              |              |             |            |                        |              |
| Löndun                      | 0,04         |              |             |            |                        |              |
| Vinnsla                     |              |              |             |            |                        |              |
| <b>Almennt aflamark</b>     |              |              |             |            |                        |              |
| Veiðar                      | 0,78         | 0,70         | 0,95        | 0,89       | 0,98                   | 0,64         |
| Löndun                      | 0,47         | 0,46         | -1,06       |            |                        | 0,72         |
| Vinnsla                     | 0,35         |              |             |            |                        | 0,56         |
| <b>Línuívilnun</b>          |              |              |             |            |                        |              |
| Veiðar                      | 0,05         |              |             |            |                        |              |
| Löndun                      |              |              |             |            |                        |              |
| Vinnsla                     | 0,27         |              |             |            |                        | 0,25         |
| <b>Almennur byggðakvóti</b> |              |              |             |            |                        |              |
| Veiðar                      |              |              | -0,02       | 0,05       |                        |              |
| Löndun                      |              |              |             | -0,09      |                        |              |
| Vinnsla                     |              |              |             |            |                        | -0,13        |
| <b>Skelbætur</b>            |              |              |             |            |                        |              |
| Veiðar                      |              |              |             |            |                        | 0,06         |
| Löndun                      |              |              |             |            |                        | 0,11         |
| Vinnsla                     |              |              |             |            |                        |              |
| <b>Strandveiði</b>          |              |              |             |            |                        |              |
| Veiðar                      | 0,04         | 0,05         | 0,02        | 0,07       |                        |              |
| Löndun                      |              |              |             |            |                        |              |
| Vinnsla                     |              |              |             |            |                        |              |

Heimild: Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar

## VIÐAUKI 3: TÆKNILEG FRAMSETNING TÖLFRAÐILÍKANANNA

Til að leiðréttu fyrir ósamræmi milli gagna sem eru skráð eftir kvótaári annars vegar og almanaksári hins vegar voru gögn sem skráð voru eftir kvótaári umreiknuð þannig að tala á almanaksári (2004) var fengin með því að reikna þriðjung á viðkomandi kvótaári (2004/2005) og rest frá fyrra kvótaári (2003/2004) eða

$$x_t = (1/3)x_k + (2/3)x_{k-1}$$

Þar sem  $t$  er ár og  $k$  er kvótaár talið frá upphafsári þess. Þau gögn sem þetta átti við voru gögn yfir línuívilnun, skelbætur, byggðakvótana og almennt aflamark og allar óháðar breytur nema strandveiði, veiði á erlendum hafsvæðum og innflutt hráefni.

Síðan var eftirfarandi random effect-líkan fyrir panel-gögn keyrt:

$$A_{it} = \alpha_i + r_{it} + b_{it} + l_{it} + s_{it} + h_{it} + f_{it} + k_{it} + ch_{it} + uh_{it} + e_{it}$$

Þar sem:

$A$  = afli skipa skráð í viðkomandi byggðarlagi/ heimahöfn.

$b$  = almenni byggðakvóti í viðkomandi byggðarlagi

$l$  = línuívilnun í viðkomandi byggðarlagi

$s$  = skelbætur í viðkomandi byggðarlagi

$h$  = almennt aflamark í viðkomandi byggðarlagi

$ch$  = strandveiði báta frá viðkomandi byggðarlagi

$k$  = krókaflamarksbætur til handa bátum skráðum í viðkomandi höfn

$r$  = sértæki byggðakvótinn seinni, Byggðastofnunar, (einnig kallaður aflamark Byggðastofnunar) úthlutað til aðila í viðkomandi byggðarlagi

$f$  = sértæki byggðakvótinn fyrri, Byggðastofnunar, úthlutað til aðila í viðkomandi byggðarlagi

$uh$  = veiði heimabáta á erlendum hafsvæðum.

Þá var eftirfarandi random effect-líkan fyrir panel-gögn keyrt:

$$X_{it} = \alpha_i + r_{it} + b_{it} + l_{it} + s_{it} + h_{it} + f_{it} + k_{it} + cl_{it} + ul_{it} + e_{it}$$

Þar sem:

$X$  = landaður afli í viðkomandi byggðarlagi

$ul$  = veiði á erlendum hafsvæðum sem landað er í viðkomandi höfn.

$cl$  = strandveiðiafla landað í viðkomandi byggðarlagi

Síðan var eftirfarandi random effect-líkan fyrir panel-gögn keyrt:

$$V_{it} = \alpha_i + r_{it} + b_{it} + l_{it} + s_{it} + h_{it} + f_{it} + k_{it} + cl_{it} + ul_{it} + im_{it} + e_{it}$$

Þar sem:

$V$  = vinnslumagn í viðkomandi byggðarlagi

$im$  = innflutt hráefni (af erlendum skipum) landað í viðkomandi höfn/byggðarlagi, til vinnslu hérlendis.

Allar tölur voru í tonnum talið að frátoldum tölum yfir sértæka byggðakvótann, fyrri, og krókaflamarksbætur. Ekki reyndist unnt að fá þær tölur í tonnum heldur eingöngu þorskígildis tonnum.

Gögnum þessara líkana var síðan reiknaður logaritmi eða sérstök útgáfa hans sem eyðileggur ekki núllgildi og er kallað *inverse hyperbolic sine*.

$$\sinh^{-1}(x) = \ln(x + (1 + x^2)^{1/2})$$

Það var gert til þess að bregðast við óvenju háum og illskýranlegum stuðlum upp á nokkra tugi sem gátu ýmist verið jákvæð eða neikvæð. Grunur vaknaði um að hann væri tilkominn vegna óvenju mikillar misdreifni í gögnunum. Logaritmi dregur verulega úr vandamálum sem koma upp þegar mikil misdreifni er til staðar í göngnum. Við þetta urðu stuðlarnir mun eðlilegri en þeir höfðu verið fyrir.